

Frábær tónlistarhátíð

Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves hefur heppnast vel í ár. Íslenskir listamenn vekja athygli erlendra útsendara.



DRÖFN ÖSP SNORRADÓTTIR
Slúðurdrottning flytur í mekka slúðursins



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. október 2008 – 286. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR



FÁGAÐUR HRYLLINGUR

Nýjasta bók skáldkonunnar Guðrúnar Evu Mínervudóttur fjallar um kynlífsdúkkju af dýrustu gerð.

HELGARVIÐTAL 10

Ríkið verður af 25 milljarða skatttekjum

Heildarskatttekjur ríkisins af starfsemi stóru bankanna þriggja í fyrra námu 37 milljörðum króna. Eftir þjóðnýtingu þeirra verða tekjurnar um 12 milljarðar.

EFNAHAGSMÁL „Það verður erfitt að brúa þetta bil,“ segir Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, en samkvæmt áætlun Markaðarins voru heildarskatttekjur ríkisins af starfsemi Kaupþings, Glitnis og Landsbankans í fyrra nærri 37 milljörðum króna. Tekjurnar í ár verða innan við 12 milljarðar. Óbein áhrif á skatttekjur ríkisins geta orðið enn meiri.

„Þetta er sambærilegt við að það hafi þurrkast út helmingurinn af

öllum fiskveiðum og fiskvinnslu,“ segir Þórólfur en hann telur að áhrifin af hruni bankanna þýði líklega tíu prósentu samdrátt landsframléiðslu, „sem mun auðvitað líka draga úr tekjum af veltusköttum. Áhrifin munu verða mjög víðtæk.“

Fyrirséð var að skatttekjur ríkisins af bönkunum yrðu minni í ár en undanfarin ár, en eftir hrun þeirra er sýnt að eini tekjuliðurinn sem muni halda eru skattar á laun starfsmanna fjármálafyrirtækja. Í

ljósi hópuppsagna og fyrirséðra launalækkana mun sá liður einnig dragast saman.

„Við sjáum núna áhrifin af því að hafa byggt bankana á sandi, og sá sandur heitir íslenska krónan,“ segir Þórólfur. Hann bendir á að Seðlabankinn hefði þurft að byggja upp gjaldeyrisvarasjóð sem hefði nægt til að verja bankana. „Hin leiðin hefði verið að taka upp evru. Hvorugt var gert, og þetta er kostnaðurinn.“

- msh/sjá síðu 4



MÓTMÆLI Í BAGDAD Talið er að fimmtíu þúsund manns hafi mótmælt á götum Bagdad í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Herseta Bandaríkjanna í Írak: Tugir þúsunda mótmæltu

ÍRAK Fylgismenn shia-klerksins Moqtada Sadr efndu í gær til fjöldamótmæla í Bagdad til að mótmæla áformum um að framlengja dvöl bandaríska hersins í Írak. Áætlað er að um 50.000 mótmælendur hafi komið saman.

Samninganefndir landanna hafa komist að þeirri niðurstöðu að framlengja skuli dvöl hersveitanna eftir margra mánaða viðræður en stjórnvöld í Írak eiga eftir að gefa samþykki. Ef samkomulagið gengur eftir mun herliðið fara úr landi árið 2011. - ve

Sala á Kaupþingi:

Ráðherra deilir við lífeyrissjóði


VIÐSKIPTI Lífeyrissjóðirnir, sem hugðust kaupa eignir og rekstur Kaupþings, gagnrýna Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra hart og segja hann hafa útilokað aðkomu þeirra að bankanum með yfirlýsingu í fjölmiðlum. Björgvin hafnar málflutningi þeirra staðfastlega.

Í yfirlýsingu sjóðanna segir að Björgvin hafi útilokað kaupin með ummælum í fjölmiðlum. Ráðherra segir málið í höndum Fjármálaeftirlitsins og sjóðirnir eigi að beina gagnrýni sinni þangað. Hann segir vinnubrögð sjóðanna með ólíkindum og vísar yfirlýsingum úr þeirri átt til föðurhúsanna. - shá / sjá síðu 6

Foreldrahús
Á NÝJUM STAD


FYLGIR DAG

VEÐRIÐ Í DAG



HVESSIR í dag verður vaxandi norðaustanátt, 13-23 í kvöld, hvassast við SA-ströndina. Úrkomulítið í fyrstu. Rigning eða slydda suðaustan til og snjócoma með Austurlandinu síðdegis og í kvöld.

VEDUR 4



SNÆLDUSNÚÐURINN Brotið sem fannst á Alþingisreitnum er úr grænum sandsteini. Það sannar að efnið í hann er fengið úr Esjunni. Rúnarístan er talin vera frá elleftu öld sem er það elsta sem hér hefur fundist, reynist aldursgreining rétt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Snældusnúður með rúnalettri frá 11. öld fannst við uppgröft á Alþingisreitnum:

Týndi hlekkurinn fundinn

FORNLEIFAR Brot úr snældusnúð, sem talinn er vera frá elleftu öld, fannst við fornleifauppgröft á svokölluðum Alþingisreit í vikunni. Hann skreytir rúnaletur sem er jafnvel það elsta sem fundist hefur hér á landi, reynist aldursgreining fornleifanna rétt.

Vala Garðarsdóttir, fornleifafræðingur og uppgrafterstjóri við Alþingisreitinn, segir fundinn merkan vegna þess að gripurinn sé líklega frá elleftu öld, þótt nákvæm aldursgreining liggja ekki

fyrir. „Það gerir fundinn svo sérstakan því til þessa hefur aðeins fundist ein rúnarista frá þessum tíma hér á landi. Þessi fundur hefur kannski mikið að segja um þróun rúnaleturs hérlendis því þetta getur fyllt inn í þá mynd. Það má segja að týndi hlekkurinn sé fundinn.“

Snúðurinn er úr grænum sandsteini sem bendir til að efnið í hann hafi verið sótt í Esjuna. Þórgunnur Snædal, prófessor og rúnasérfræðingur, hefur rannsakað

snúðinn og ráðið í hið forna letur. „Á brotinu stendur sennilega kvenmannsnafnið Þórunn og orðin „á mig“.“

Í grennd við Alþingisreitinn hafa fundist minjar um elstu byggð í Reykjavík og er Landnámskálinn við Aðalstræti 16 merktur þeirra. Vala segir að ýmislegt sem hefur fundist við uppgröftinn nú bendi til að um iðnaðarsvæði frá landnámsstíma sé að ræða og líklegt að það tengist skálanum við Aðalstræti. - shá


Ókeypis morgunverður í dag milli 9:30 og 11:00

IKEA FOOD

Fjórar saman

Nýjar umbúðir

ab mjólk



JÓNSSON & LEIWMARKS · HÍLS · SÍA

GAJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	112,42	112,96
Sterlingspund	194,45	195,39
Evra	150,58	151,42
Dönsk króna	20,202	20,32
Norsk króna	16,878	16,978
Sænsk króna	14,939	15,027
Japanskt jen	1,1134	1,12

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
201,1017
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Landsbankinn fékk flýtimeðferð á aðgreiningu Icesave frá starfsemi á Íslandi:

Aðgreining Icesave féll á tíma

EFNAHAGSMÁL Halldór J. Kristjánsson, fráfarandi bankastjóri Landsbankans sagði í viðtali við Markaðinn á Stöð 2 í gær að hafin hafi verið flýtimeðferð á því að aðgreina Icesave-reikninga í Bretlandi frá aðalbankanum.



FRÁ LANDSBANKANUM Halldór J. Kristjánsson, fráfarandi bankastjóri Landsbanka Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bresk stjórnvöld hafi komið þeim skilaboðum áleiðis um síðustu mánaðamót að Landsbankinn ætti að fá skyndimeðferð til að stofna dótturfélag um breska innlánsreikninga í Bretlandi.

Darling, fjármálaráðherra Bretlands, um Icesave-reikningana. Halldór sagði að annan júlí síðastliðinn hafi breska fjármálaeftirlitið óskað eftir aðgreiningu Icesave í dótturfélag.

Þessi vinnu hafi hins vegar ekki verið lokið þegar íslensku bankarnir féllu. Jón Þór Sturluson, aðstoðarmaður viðskiptaráðherra staðfesti þetta

Þá hafi fjármálaeftirlit á Íslandi og í Bretlandi fylgst náið með þróun innlána Landsbankans í Icesave-reikningunum síðustu mánuði. Í sumar hafi átt sér stað reglubundin ítarleg úttekt á starfsemi Landsbankans í Bretlandi. Engar meiri háttar athugasemdir hafi verið gerðar við starfsemina. Eina ábendingin sem þá hafi borist hafi verið sú að passa þyrfti upp á lausafjárstýringu samstæðunnar.

Írönsk yfirvöld milda dóma:

Dregið úr dauðarefsingum

ÍRAN, AP Íranar hafa samþykkt tilskipun sem bannar aftökur ungra afbrotamanna sem hafa verið fundnir sekir um fíkniefna- brot. Þeir sem dæmdir eru fyrir morð geta enn átt yfir höfði sér dauðarefsingu.

Hossein Zohbi, talsmaður ríkissaksóknara, segir að dómur- um sé enn ætlað að dæma unglinga, sem hafa verið fundnir sekir um morð, til dauða ef fjölskylda fórnarlambins taki ekki við skaðabótum.

Tilskipunin tekur ekki til 120 unglinga sem þegar bíða dauðarefsingar en hvergi eru fleiri unglingar teknir af lífi en í Íran.



GRANDASKIP Íslenskra skipa nam meiri verðmætum að landi fyrstu átta mánuð- inna í ár en í fyrra.

Aflaverðmæti íslenskra skipa: Nokkur aukning frá fyrra ári

SIÁVARÚTVEGUR Aflaverðmæti íslenskra skipa nam 54 milljörðum króna á fyrstu sjö mánuðum ársins 2008 samanborið við 52,2 milljarða á sama tímabili árið 2007. Þetta kemur fram á vef Hagstofunnar. Aflaverðmæti hefur aukist um 1,8 milljarða eða 3,4 prósent á milli ára. Aflaverðmæti í júlí nam 8,7 milljörðum miðað við 5,7 milljarða í júlí 2007. Aflaverðmæti botnfisks janúar til júlí 2008 nam 39,2 milljörðum og jókst um 2,4 prósent miðað við sama tímabili árið 2007. Verðmæti þorskafla var 19,4 milljarðar og dróst saman um 1,8 prósent frá fyrra ári.

Menguð mjólk í Kína: Stjórnvöld viðurkenna mistök

KÍNA, AP Wen Jiabao, forsætisráðherra Kína, segir kínversk stjórnvöld að hluta til bera ábyrgð á því að þúsundir kínverskra barna sýktust af melamín-mengaðri mjólk. Jiabao segir að ríkisstjórnin sé harmi slegin vegna melamín-mengunarinnar sem hefur dregið fjögur börn til dauða. „Þótt vandamál hafi komið upp í framleiðslufyrirtækjunum þá ber ríkisstjórnin einnig ábyrgð,“ segir hann og viðurkennir að eftirliti hafi verið ábótavant.

Langt í að ríkið hafi tekjur af viðskiptabönkunum þremur


Ætla má að tekjutap ríkisins vegna hruns og þjónnýtingar viðskiptabankanna verði um 25 milljarðar. Óbein áhrif enn meiri. Alvarlegur tekjumissir, segir lektor í hagfræði. Jafngildir tvöföldum útgjöldum til Háskóla Íslands. Brotthvarf bankanna jafnast á við að helmingur sjávarútvegs og fiskvinnslu hefði lagst af.

EFNAHAGSMÁL „Þetta eru háar upphæðir og því áfall fyrir ríkissjóð,“ segir Katrín Ólafsdóttir, lektor í hagfræði við Háskólann í Reykjavík. Katrín bendir á að erfitt sé að mæta þessum tekjumissi með samdrætti í ríkisútgjöldum eins og nú árátt, enda býddi það að störf væru í hættu. „Líklega þyrfti þá að taka lán erlendis til að mæta þessum samdrætti, en við höfum nú ekki gott láns hæfi á alþjóðlegum mörkuðum eins og stendur.“

ad þriðjungur fjármagnstekjuskatts hafi verið greiddur af eigendum hluta- og skuldabréfa bankanna.

Samkvæmt áætlun Markaðarins námu heildarskatttekjur ríkisins af starfsemi viðskiptabankanna þriggja árið 2005 því 24 milljörðum króna, um 30 milljörðum 2006 og 37 milljörðum árið 2007. Sjá má á myndinni hér til hliðar hvernig tekjurnar skiptast á líka liði. Af þessu sést að skatttekjur af starfsemi viðskiptabankanna árið 2007 námu 8 prósentum af heildartekjum ríkisins í ár, en þær eru áætlaðar 461 milljarðar. Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, segir forsendur áætlunarinnar réttar og niðurstöður hennar líklega frekar varkárar.

Áætlun um skatttekjur ríkisins af viðskiptabönkunum



Hversu langt hrökkva 25 milljarðar?

Kostnaður samkvæmt fjárlögum 2009	milljónir
Atvinnuleysistryggingasjóður	8.513
Háskóli Íslands	13.104
Háskólinn í Reykjavík	2.303
Sínfóníuhljómsveit Íslands	732
Landsbókasafn Íslands	816
Samtals	25.468

Helgarsteik
Londonlamb með brúnuðum kartöflum, rauðkáli, baunum og sósu

595,-
alla helgina milli 11:30 og 19:30

IKEA FOOD

VEÐURSPÁ

STORMUR Í KVÖLD
Djúp og kröpp lægð stefnir upp að suðaustanverðu landinu í dag. Meginhluti landsins sleppur við þessa lægð en við suðausturhornið má búast við stormi með snörpum vindhviðum nú síðdegis og í kvöld. Úrkoman mjakast inn á SA- og A-vert landið síðdegis og má búast við rigningu eða slyddu syðst en snjókomu á Austurlandi.

Á MORGUN
13-23 m/s hvassast suðaustan og austan til.

ÞRIÐJUDAGUR
8-13 m/s norðaustan til annars hægvíðri.

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	14°
Billund	13°
Ósló	11°
Stokkhólmur	10°
Gautaborg	13°
London	16°
Paris	16°
Frankfurt	13°
Friedrichshafen	17°
Berlín	14°
Alicante	24°
Mallorca	24°
Basel	18°
Eindhoven	15°
Las Palmas	25°
New York	14°
Orlando	26°
San Francisco	18°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

Betra verð!



**32%
afsláttur**

GÓÐI

VILLIKRYDDAÐ LAMBALÆRI

1.484 kr/kg

~~2.183~~ kr/kg



**25%
afsláttur**

SVARTUR PIPAR OG SALT
M/KVÖRN

299 kr/stk.

~~399~~ kr/stk.



SVÍNALUNDIR, FROSNAR

999 kr/kg



**50%
afsláttur**

**ÓTRÚLEGT
VERÐ!**

NAUTALUNDIR, FROSNAR

2.145 kr/kg

~~4.290~~ kr/kg



CHICAGO TOWN XL PIZZA
M/SKINKU OG SPECIALE

2 fyrir 1.000 kr

~~1.398~~ kr/2stk.

TOPPUR M/SÍTRÓNU OG
ÁVAXTATOPPUR M/APPELSÍNU

99 kr/stk.



TILBOÐIN GILDA 16. - 19. OKTÓBER

Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík

KJÖRKASSINN

Ert þú sátt(ur) við að Ísland náði ekki kjöri til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna?

JÁ	79,9
NEI	20,1

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Átt þú fé í peningamarkaðssjóðum bankanna?

Segðu þína skoðun á visir.is

Formaður Framsóknarflokksins undrast vinnubrögð félaga í grasrót flokksins: **Eðlilegra að leita til hans fyrst**

EVROÐUMÁL „Menn hafa fullt frelsi til að mynda með sér hópá og vinna að sínum hugsjónum í Framsóknarflokknum,“ segir Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, um skoðanakönnun sem félagar í grasrót flokksins létu gera um Evrópumál.

Honum komi tilvist þessarar hreyfingar innan flokksins á óvart og að hún hafi ekki leitað til hans með það sem hún var að gera. „Ég hefði haft gaman af því að þetta fólk hefði komið til mín, bæði í upphafi og svo til að kynna mér niðurstöðurnar. Það hefði verið eðlilegt.“

Fyrir um mánuði hafi Evrópu-

umræður verið eðlilegar en í dag sé verkefni ríkisstjórnarinnar allt annað. „Það er að standa eins og einn maður við að bjarga íslensku þjóð og vinna úr þeim skuldaskilum og því áfalli sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir,“ segir Guðni.

Í Fréttablaðinu í gær sagði Páll Magnússon, fyrirverandi varþingmaður Framsóknarflokksins, að þeir forystumenn sem tala gegn



GUÐNI ÁGÚSTSSON

atkvæðagreiðslu um aðildarviðræður tilheyrir miklum minnihluta innan flokksins en könnunin sýndi að tæp 18 prósent framsóknarmanna væru andvígir þjóðar- atkvæðagreiðslunni. Spurður hvort hann tilheyrði slíkum minnihluta segir Guðni að hann vilji ekki láta setja sig á neinn bás. „Ég er formaður í flokki og geri mér grein fyrir að í honum, eins og öllum öðrum, eru skiptar skoðanir um málið.“

„Þetta er ekki spurning um já eða nei heldur spurning um það sem í þjóðaratkvæðagreiðslu verður sett upp sem skilyrði fyrir samningum.“

- ovd

Undirskriftasöfnun UNIFEM: **Nei við ofbeldi gegn konum**

SAMFÉLAGSMÁL UNIFEM á Íslandi safnaði í gær hátt í 1.500 undirskriftum í Kringlunni fyrir átakið Segjum NEI við ofbeldi gegn konum. Átakið hófst hinn 14. ágúst og hafa 7.500 undirskriftir safnast.

„Markmiðið er að ná um 20.000 undirskriftum fyrir 6. nóvember,“ sagði Regína Bjarnadóttir, stjórnarformaður UNIFEM. Hinn 6. nóvember verða undirskriftirnar sendar til höfuðstöðva UNIFEM í New York. Heimsátaki, sem ætlað er að hvetja ríkisstjórnir heims til að beita sér fyrir því að binda endi á ofbeldi gegn konum, lýkur 25. nóvember. Hægt er að skrifa undir á unifem.is.

- ve

Barcelona

24. október

frá kr. **29.990**



Frábær sértíloboð Fjölbreytt gisting í boði!

Frábær helgarferð - síðustu lausu sætin í haust!

Heimsferðir bjóða frábær sértíloboð á allra síðustu sætum í helgarferð til Barcelona 24. október. Barcelona er einstök perla sem Íslendingar hafa tekið ástfóstri við. Borgin býður frábært mannlíf og óendanlega fjölbreytni í menningu og afþreyingu að ógleymsdu öllu því úrvali fjölbreyttra verslana sem eru í borginni. Fjölbreytt gisting á sértíloboði.

Verð kr. **29.990**

Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Sértíloboð 24. október.



Verð kr. **49.990**

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Aragon *** í 3 nætur með morgunverði. Aukalega m.v. gistingu í einbýli kr. 17.000. Gisting á Hotel Atenas **** kr. 3000 aukalega. Aukalega m.v. gistingu í einbýli kr. 17.000. Gisting á Hotel Catalonia Suite **** kr. 5.000 aukalega. Aukalega m.v. gistingu í einbýli kr. 18.000.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á sílku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

„...fyrst á visir.is“



visir.is

...ég sá það á visir.is



Ráðherra gagnrýnir lífeyrissjóði harðlega

Forsvarsmenn fimm lífeyrissjóða segja viðskiptaráðherra hafa útilokað kaup þeirra á Kaupþingi áður en tilboð var lagt fram. Ráðherra hafnar því alfarið og segir málið í höndum FME. Hann furðar sig á málflutningi lífeyrissjóðanna.

VIÐSKIPTI Forsvarsmenn fimm lífeyrissjóða, sem hugðust kaupa eignir og rekstur Kaupþings, gagnrýna Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra hart og segja í yfirlýsingu að hann hafi útilokað aðkomu þeirra að bankanum með yfirlýsingu í fjölmiðlum. Það hafi hann gert áður en tilboð þeirra var lagt fram til Fjármálaeftirlitsins (FME). Björgvin hafnar málflutningi þeirra staðfastlega og segir ákvörðunina alfarið hafa verið í höndum FME. Hann gagnrýnir málflutning forsvarsmanna lífeyrissjóðanna; rangt sé eftir honum haft í yfirlýsingu, sem sé með ólíkindum.

Í yfirlýsingunni, sem Þorgeir Eyjólfsson, forstjóri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, er skrifaður fyrir, segir að sjóðirnir hafi ekki gert tilboð í Kaupþing. Björgvin hafi engu að síður greint frá því í fjölmiðlum að slíku tilboði hafi verið hafnað. Þar segir einnig að ekki hafi orðið af fundi allra lífeyrissjóða landsins vegna kaupa á bankanum, „... þar sem aðkomu lífeyrissjóðanna að Kaupþingi var hafnað af viðskiptaráðherra stuttu fyrir fundinn.“ Er þar vísað til þeirra ummæla Björgvins við fjölmiðla eftir ríkisstjórnarfund á fimmtudag að tilboð lífeyrissjóðanna hefði væntanlega ekki verið nægilega gott og á þeim forsendum hafi því verið hafnað.

Björgvin segir að stjórn FME hafi ekki viljað taka ákvörðun um sölu Kaupþings og ríkisvaldið hafi ekkert yfir því að segja. „FME er sjálfstætt stjórnvald með umboð sitt frá Alþingi. Þeir telja sölu bankans vera stóra pólitíska ákvörðun og beina því til ríkisvaldsins að taka við boltanum og við það situr. Vilji okkar stóð til þess að þetta yrði skoðað til þrautar en ákvörðun FME liggur fyrir.“ Björgvin segir



HÖFUÐSTÖÐVAR Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Gildi lífeyrissjóður, lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Sameinaði lífeyrissjóðurinn og Stafir hugðust kaupa bankann.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



ÞORGEIR EYJÓLFSSON

BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

ljóst að í framtíðinni geti lífeyrissjóðirnir og ríkisvaldið rætt um kaup á bankanum. Hins vegar muni líða töluverður tími áður en slíkt verði mögulegt; fjölmörg önnur

verkefni kalli á athygli stjórnvalda fram til þess tíma. Spurður um yfirlýsingu lífeyrissjóðanna segir Björgvin það koma sér á óvart hvornig þeir leggi mál sitt upp.

„Þetta er ákvörðun FME og þeir ættu að beina orðum sínum þangað en ekki til mín. Ég hef lýst því yfir að mér hafi þótt sjálfsagt að skoða þetta og það hefði verið ákjósanlegt ef einn bankanna hefði verið í einkaeigu. Hvað varðar textann í yfirlýsingunni þá er rangt eftir mér haft, sem er með hreinum ólíkindum. Það er undarlegt að menn kjósi að viðhafa slík vinnubrögð.“

svavar@frettabladid.is

ATBURÐARÁSIN Í BRÉFI LÍFEYRISSJÓÐANNA

11. okt.: Fulltrúar lífeyrissjóðanna eiga fund með forstjóra FME þar sem honum var greint frá fyrirætlu lífeyrissjóðanna um hugsanleg kaup á rekstri Kaupþings.

12. okt.: Fundur lífeyrissjóðanna með forsætisráðherra, viðskiptaráðherra, iðnaðaráðherra og menntamálaráðherra þar sem aðkoma lífeyrissjóðanna að Kaupþingi var rædd. Viðbrögð ráðherranna voru afar jákvæð svo ekki sé kveðið fastar að orði.

14. okt. (hádegi): FME var sent bréfflega erindi fimm lífeyrissjóða þar sem óskað var viðræðna um kaup á rekstri Kaupþings enda gáfu fyrri fundir til undirbúnings erindi sjóðanna ástæðu til bjartsýni um að málaleitan lífeyrissjóðanna yrði vel tekið.

15. okt.: Fulltrúar fjárfestahópsins áttu fund með stjórn og forstjóra eftirlitsins þar sem gerð var grein fyrir ástæðu þess að óskað var eftir viðræðum og jafnframt gerðum við stuttlega grein fyrir viðskiptaáætlun fjárfestahópsins. Skýrt kom fram í fundarlök að ekki bæri að líta á fundinn sem svar við erindi sjóðanna um viðræður.

Af viðbrögðum FME mátti þó ráða að vonlítið var að erindi sjóðanna yrði tekið með jákvæðum hætti.

16. okt. (síðdegis): Lífeyrissjóðunum berst bréf FME þar sem þakkað er fyrir erindi þeirra og þeim greint frá því að FME væri að meta heildstætt beiðni sjóðanna og þau gögn sem lögð voru fram á fundi aðila deginum áður. FME óskaði eftir að heildstætt áhættumat yrði lagt fram fyrir alla þá fimm lífeyrissjóði sem stóðu að erindinu auk þess sem skoða þyrfti eignarhald lífeyrissjóðanna með tilliti til tiltekinnna hlutfalla í lífeyrissjóðalögnum. Sjóðunum var gefinn frestur til kl. 12 á hádegi næsta dags, þ.e. föstudags, til að bregðast við erindi FME.

17. okt.: Forstjóri FME kvittaði fyrir móttöku svars lífeyrissjóðanna klukkan 11.50. Skömmu áður en forstjóri móttók svar lífeyrissjóðanna með upplýsingum um heildstætt áhættumat og öðrum upplýsingum svaraði viðskiptaráðherra spurningum fréttamanna um málið með þeim hætti „að tilboði lífeyrissjóðanna hefði verið hafnað.“



*Veljum íslenskt
– okkar hagur!*

Hverju má breyta í stjórnarsáttmálanum?

Að mega það sem aðrir mega ekki

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

Retum er oft legið á hálsi fyrir að telja að Bretland sé eitthvað sem það er ekki. Heimsveldið er hrúnið, en þjóðarsálin hefur ekki uppgötvat það enn og því hagi Bretar sér enn eins og herraþjóð sem getur gert það sem hún vill, þrátt fyrir að í samfélagi þjóðanna séu þegnarnir engir.

Eftir að hafa hlustað á alþingismenn í pontu undanfarna daga, og áköll sveitarstjórnarmanna, má draga þá ályktun að Sjálfstæðisflokkurinn sé í svipuðu hlutverki og Bretarnir. Telji sig vera „herraflokkinn“ í samfélagi stjórnmála á Íslandi, þrátt fyrir að fylgi hans dragist saman og samstarfsflokkurinn í ríkisstjórn eigi að vera þeirra jafnoki. Þannig mætti ætla að það sé Sjálfstæðisflokksins að ákveða hvar megi víkja af dyggum vegi stjórnarsáttmálans og hvar ekki.

Fyrstu viðbrögð ýmissa þingmanna eru ákall á fleiri álver og þar með fleiri virkjanir. Nú er þess freistað að ríkjandi viðhorf verði að þetta sé ekki tíminn til að ræða umhverfismál, jafnréttismál eða önnur „gæluverkefni“ sem séu verkefni ríkari þjóða. Þessi fyrstu viðbrögð vísa til skammtimahagsmuna Íslendinga þar sem farið er fram á að umhverfissáðherra breyti fyrri ákvörðunum sínum og horfið verði frá samþykkt stefnuýfirlýsingarinnar að „ríkisstjórnin einsetur sér að Ísland verði í fararbroddi þjóða heims í umhverfismálum“. Umhverfismálin eiga ekki lengur erindi hér.

Hins vegar hefur því lengi verið haldið fram, aðallega af þingmönnum Sjálfstæðisflokks, að um það hafi náðst sátt í stjórnarsáttmálanum að Evrópusambandið sé ekki á dagskrá þetta kjörtímabilið. Í þeirri trú að sagt sé satt hafa ráðherrar og leiðtogar flokkanna verið spurðir hvort þeir séu tilbúnir að víkja frá þessu atriði stjórnarsáttmálans. En auðvitað er ekki hægt að víkja frá því sem ekki er til staðar. Rétt er að birta það sem samþykkt var í stjórnarsáttmálanum, orðrétt:

„Opinská umræða um Evrópumál. Ríki Evrópusambandsins eru mikilvægasta markaðssvæði Íslands. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) hefur reynst þjóðinni vel og hann er ein af grunnstoðum öflugs efnahagslífs þjóðarinnar. Skýrsla Evrópunefndar verði grundvöllur nánari athugunar á því hvernig hagsmunum Íslendinga verði í framtíðinni best borgið gagnvart Evrópusambandinu. Komið verði á fót föstum samráðsvettvangi stjórnmalaflokka á Alþingi sem fylgist með þróun mála í Evrópu og leggi mat á breytingar út frá hagsmunum Íslendinga. Nefndin hafi samráð við innlenda sérfræðinga og hagsmunaaðila eftir þörfum.“

Það er ekki hægt að halda því fram að hagsmunir Íslendinga hafi ekki gjörbreyst á undanförunum vikum. Því þarf í raun ekki að fara fram á það að stjórnarsáttmálanum verði breytt til að hugsanleg aðild að Evrópusambandinu, og evrunni, komist á dagskrá ríkisstjórnarinnar. Þessar róttæku breytingar eru nægjanleg ástæða í sjálfu sér til að málið komist á dagskrá.

Í þessu nýja Íslandi, sem talað er um í dag, þarf að bregðast við ástandinu með yfirvegum og umræðu. Fyrstu viðbrögð eru ekki endilega þau bestu.

FRÁ DEGI TIL DAGS
Ímynd Íslands made in ... Starfshópur innan Almanna-tengslafélags Íslands hefur bent forsætisráðuneytinu á skynsamlegan leik í stöðunni nú þegar ímynd Íslands virðist skák og mát. Telur hópurinn brýnt að alþjóðleg almannatengslaskrifstofa verði fengin tafarlaust til að koma landinu á þann stall sem það áður stóð á. Er það ekki agalegt fyrir mynd landsins að þurfa að leita til erlendra sérfræðinga til að lappa upp á mynd okkar?
Hendum öllu saman Nú eftir hrun efnahagskerfisins hér á landi er mikið talað um uppstokkun í þjóðfélaginu. Nýja menn, nýja hugmyndafræði, önnur gildi og þar fram eftir götunum. En áður en allt það sem verið hefur við lýði síðustu ár er dæmt úr leik væri ágætt að anda með nefinu og athuga hvað það var sem afvega fór. Ásgeir Jónsson, hagfræðingur hjá Kaupþingi, sagði hringborðsumræðu sem sagt var frá í Fréttablaðinu í gær: „Bankar hafa þann veikleika að fara á hausinn ef lausa-féð er dregið úr þeim. Það hefur alltaf verið og þetta snýst ekki um nýfrjálslyggu eða kapitalisma.“ Það væri ágætt að hafa það í huga áður en allt saman er dæmt úr leik.
Eða hvað? En kannski á sá sem kallar sig Sálmaskáldið á visnahorninu kollgátuna. Við erum kannski með timburmenn og viljum því ekki um neitt vita sem minnir okkur á fyllirið.
Heldur tæp er heilsan mín, í höfðinu kvöl og sviði. Ég bergði í gærkvöld brennivín, sem bar mig ofurlíði.
En gleymum því ekki að þegar líður að föstudegi verður eflaust annað hljóð í strokknum.
jse@frettabladid.is

Framtíð íslensks fjármálamarkaðar

Fjármálageirinn hefur vaxið mikið á Íslandi á undanförunum árum. Nú er almenn skoðun að hann hafi vaxið okkur yfir höfuð og því hafi hrun hans verið óhjákvæmilegt. Hvort svo sé raunin eða ekki læt ég sagnfræðingum framtíðarinnar eftir að svara. Hins vegar skal haft í huga að stöndugur fjármálageiri var og er jákvæður fyrir hvert þjóðfélag. Ísland er lítið land með opið hagkerfi þar sem flæði vöru og þjónustu er frjálst. Íslensk atvinnufyrirtæki í greinum þar sem stærðarhagkvæmni nýtur við standa því höllum fæti ef þau geta einungis reitt sig á lítinn heimamarkað.



GUDJÓN RÚNARSSON NÆSTU SKREF | Íslenskur fjármálamarkaður

Bættar leikreglur Fjármálaþjónusta hefur á undanförunum árum orðið æ flóknari og að því er virðist allt of lókin, þar sem margir þátttakendur skildu ekki þá áhættu sem fólgin var í fjármálaafurðum sem þeir keyptu. Nútímáfjármálfyrirtæki þurfa að eyða miklum fjármunum í upplýsingatækni, áhættustýringu og ýmis önnur kerfi til að uppfylla alþjóðlega staðla og reglur. Auk þess eru ýmsar fjármálaafurðir þess eðlis að það er dýrt að búa þær til en lítil viðbótarkostnaður að selja hverjum nýjum viðskiptamanni. Af þessu leiðir að því stærri markaði sem fjármálfyrirtæki starfa á, þeim mun hagkvæmari getur rekstur þeirra orðið með því að dreifa föstum kostnaði af starfsemi á fleiri viðskipti.

sem annars staðar í Evrópu hafa þegar boðað uppstokkun á regluumgjörð fjármálaálífsins. Það skiptir miklu að þær breytingar sem gerðar eru séu hugsaðar til framtíðar. Þar eiga leiðarljósin að vera að annars vegar tryggja virka samkeppni á fjármálamarkaði bæði milli fyrirtækja og rekstrarforma. Hins vegar þarf að varðveita sveigjanleika fjármálakerfisins á sama tíma og öryggi og samkeppni eru efl. Í þeim efnum skal haft í huga að bankakrisur geta líka komið upp vegna þess að undirleggjandi kerfi er of ósveigjanlegt.

Ég held að það sé nauðsynlegt að muna að þessi staðreynd knúði íslenska banka til að sækja inn á nýja markaði og sú sókn var bæði eðlileg og heilbrigð, þótt menn geti síðan deilt um einstaka þætti útrásarinnar eða hvort eðlileg sókn margra fyrirtækja hafi leitt til þess að heildarniðurstaðan hafi verið skynsamleg. Í því ljósi er líka rétt að huga að, í því uppgjöri sem fram undan er, hvort leikreglurnar hafi verið skynsamlegar og þá hvernig megi bæta þær í framtíðinni.

Það er mikilvægt fyrir íslenskt þjóðfélag að öll skref sem stigin verða næstu daga, vikur og mánuði miði að því að byggja fjármálakerfi landsins upp aftur þannig að íslenskt þjóðfélag njóti öruggar þjónustu ...

Glötum ekki þekkingunni Því má aldrei gleyma að hornsteinn framfara í hagkerfi hvers ríkis er að hafa öflugt og sveigjanlegt bankakerfi sem getur stutt við atvinnufyrirtækin í landinu. Fjármálaþjónusta hefur verið eftirsóknarverð atvinnugrein um allan heim, enda sérfræðipjónusta sem fram undan er, hvort leikreglurnar hafi verið skynsamlegar og þá hvernig megi bæta þær í framtíðinni. Stjórnvöld jafnt hér á Íslandi

Fjármálakerfið á Íslandi og starfsfólkið sem þar vinnur hefur orðið fyrir þungu höggi síðustu daga. Flestir starfsmenn hafa þannig orðið fyrir miklu fjárhagslegu áfalli, auk þess sem fjöldi þeirra stendur frammi fyrir því að missa vinnuna. Stærstu fjármálfyrirtæki landsins munu eiga á brattann að sækja næstu misseri að endurvinnna traust gagnvart umheiminum. Jafnframt liggur fyrir að lítið mun fara fyrir erlendri starfsemi íslenskra fjármálfyrirtækja í nánustu framtíð. Í þeirri uppstokkun sem nú á sér stað er mikilvægt að mínu mati að hyggja að tvennu; Í fyrsta lagi að öll sú verðmæta þekking sem orðið hefur til í fjármálfyrirtækjum glutrist ekki niður. Það getur gerst með tvennum hætti. Annars vegar að fólk flytjist úr landi og hins vegar að fólk sem býr yfir verðmætri kunnáttu finni ekki starf við sitt hæfi og þurfi að hverfa af vinnumarkaði eða til annarra starfa þar sem þekking þess nýtist ekki eins vel í þágu íslensks samfélags.

Hitt atriðið sem hyggja þarf að er að hér verði áfram öflug fjármálfyrirtæki sem geta sinnt íslenskum heimilum og fyrirtækjum, sem mörg hver starfa á alþjóðlegum vettvangi. Hættan er sú að ef hér verður kotbúskapur í fjármálaþjónustu, að allri verðmætustu þjónustunni verði sinnt af erlendum fjármálfyrirtækjum sem njóta meira kostnaðarhagræðis en þau íslensku.

Það er mikilvægt fyrir íslenskt þjóðfélag að öll skref sem stigin verða næstu daga, vikur og mánuði miði að því að byggja fjármálakerfi landsins upp aftur þannig að íslenskt þjóðfélag njóti öruggar þjónustu og verði ekki af þekkingunni í fjármálageiranum og missi heldur ekki þann virðisauka sem fjármálageirinn hefur byggt upp til erlendra keppinauta.

Höfundur er framkvæmdastjóri Samtaka fjármálfyrirtækja.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal jk@frettabladid.is og Þorsteinn Pálsson p.palsson@frettabladid.is
ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is.
FRÉTTABLAÐIÐ kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðdóm verslunum á landsbyggðinni.
FRÉTTABLAÐIÐ áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafræna formi og í gagnaböndum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871
STOÐKENNARINN.IS
Einföld leið fyrir 14 - 17 ára unglinga sem vilja bæta námsárangur sinn.
Skemmtileg og gagnvirk námskeið á netinu!
„Kæri Stoðkennari! Pabbi hótar að segja upp áskriftinni ef ég hætti ekki að leiðrétta hann. Geturðu hringt í hann og útskýrt fyrir honum gildi menntunar?“
www.stodkennari.is

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.
Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



Jólahlaðborð

á Hilton Reykjavík Nordica

Glæsilegasta jólahlaðborð landsins verður á Hilton Reykjavík Nordica. Veislustjórarnir Sigga Beinteins og Daddi Diskó munu halda uppi notalegri jólastemningu á meðan þú nýtur dýrindis veitinga.

Að borðhaldi loknu tekur fjörið völdin þegar veislustjórarnir skipta um gír. Þú færð að heyra alla bestu stuðónlist síðustu þriggja áratuga í einni samfelldri syrpu sem fullkomnar frábært kvöld. Gefðu góða skemmtun í jólagjöf – jólahlaðborð á Hilton Reykjavík Nordica.

Allar helgar frá 22. nóvember

Nánari upplýsingar í síma 444 5052 eða hilton@hilton.is | www.hilton.is


Hilton
Reykjavík Nordica

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



40%
AFSLÁTTUR

FERSKAR HOLTA KJÚKLINGABRINGUR **1679 kr./kg.** MERKT VERÐ 2799 KR./KG.

ÍSLENSKAR  VÖRUR Á GÓÐU VERÐI



479

ENGINN BITI TEKINN ÚR

KS LAMBASÚPUKJÖT 1. FLOKKUR
479 kr./kg. MERKT VERÐ 598 KR./KG.



TILBÚINN Í ÖFNINN

40%
AFSLÁTTUR



FERSKUR HEILL BÓNUS KRYDDAÐUR KJÚKLINGUR
642 kr./kg. MERKT VERÐ 1070 KR./KG.



798

FERSKT NAUTAHAKK **798 kr./kg.**



1998

BÓNUS HANGIÁLEGG Í SNEIÐUM
aðeins **1998 kr./kg.**



79

BÓNUS FLATKÖKUR **5 stk 79 kr**



499

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR **499 kr./kg.**



ÍSLENSK AFSKORIN
BLÓM Í BÚNTI
598 kr.



198

BÓNUS ÍS **2 ltr. 198 kr.**



299

OMEGA EGG **12 STK 299 kr.**



98

BÓNUS SMYRILL **300g 98 kr.**
ALLTAF MJÚKUR ÚR ISSKÁP.

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: SUNNUDAGA 12.00-18.30



Veidigæði á Íslandi

Málþing um stöðu og þróun stangveiði haldið 25. október á Grandhótel Reykjavík klukkan 16-18

Haldið af Landssambandi stangveiðifélaga, Landssambandi veiðifélaga og Veiðimálastofnun

Dagskrá

Er stangveiði náttúruupplifun eða fíkn á uppsprengdu verði? Afstaða veiðimanns.
Bjarni Júlíusson Stangveiðifélagi Reykjavíkur

Mikilvægi veiðihlunninda og verðlagning þeirra. Verðmæti til framtíðar eða tímabundinn fengur?
Óðinn Sigþórsson formaður Landssambands Veiðifélaga.

Lagalegt umhverfi veiðimála hér á landi – Þáttur í eflingu veiðihlunninda !
Árni Ísaksson, forstöðumaður Lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu

Líffræðilegar forsendur veiðinýtingar og veiðistjórnunar. Liggur framtíðin í fluguveiði til að veiða og sleppa eða hafbeitarveiði knúna af seiðasleppingum?
Sigurður Már Einarsson deildarstjóri Veiðimálastofnun

Þekking á vistfræði laxfiska hér á landi og færni við nýtingu þeirra. Hvað höfum við lært og hvað skortir á?
Sigurður Guðjónsson forstjóri Veiðimálastofnunar

Pallborðsumræður
Fundarstjóri Ingólfur Þorbjörnsson formaður Landssambands Stangveiðifélaga.

Málþingið öllum opið meðan húsrúm leyfir. Engin aðgangseyrir.



ÖFLUGUR VERKEFNASTJÓRI

Landsnet óskar eftir að ráða öflugan verkefnastjóra til að stýra verkefnum við hönnun og uppbyggingu raforkuflutningskerfis.

Landsnet stýrir rekstri og uppbyggingu flutningskerfis raforku. Til flutningskerfis Landsnets teljast allar línur sem eru með 66 kV spennu og hærri, auk nokkurra 33 kV lína. Landsnet annast jafnframt kerfisstjórn og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku með áreiðanleika, öryggi og hagkvæmni að leiðarljósi. Landsnet er ábyrgt og framsækid þjónustufyrirtæki með öflugra liðsheit, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samunburði. Landsnet er starfsmanna- og fjölskylduvænt fyrirtæki í örur vexti.

Starfssvið

- Verkefnisstjórn við hönnun, byggingu og undirbúning háspennulína og tengivirkja
- Umsjón og eftirlit með framvindu verkefna, framvinduskýrslur og skilamat
- Uppsetning verkefnis- og gæðaskipulags
- Undirbúningur og gerð framkvæmda, kostnaðar- og greiðsluáætlana, eftirlit með framkvæmd slíkra áætlana
- Samskipti við hlutaðeigandi aðila innan sem utan fyrirtækisins
- Útboðsgerð og undirbúningur verksamninga og samningsviðauka, eftirlit með framkvæmd og uppgjöri samninga

Eignastýringardeild hefur yfirumsjón með eignastýringu Landsnets og tryggir þannig heildarsýn yfir fjárfestingar og rekstur flutningsvirkja og fasteigna. Deildin greinir uppbyggingarþörf, skilgreinir hönnunarforsendur, mótar stefnu fyrir fjárfestingar-, endurnýjunar- og viðhaldsstefnu flutningsvirkja Landsnets. Deildin ber ábyrgð á hönnun, gerð útboðsgagna og byggingu raforkuflutningsvirkja.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í verk- eða tæknifræði, æskilegt af rafmagnssviði
- A.m.k. 5 ára starfsreynsla við verkefnisstjórnun
- Frumkvæði, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Hæfileiki til að tjá sig í töluðu og rituðu máli

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Brynhildur Steindórsdóttir (brynhildur.steindorsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 2. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Microsoft®

EINSTAKT TÆKIFÆRI

Microsoft Íslandi er staðsett á Engjateigi 7 og þar starfa í dag 20 starfsmenn. Starfsaðstaða er mjög góð sem og góður starfsandi. Viðkomandi verður að geta hafið störf fljótlega.

Nánari upplýsingar um Microsoft Ísland eru á www.microsoft.is



Microsoft býður þér tækifæri til að hafa áhrif á næstu kynslóð upplýsingatækninnar.

Sölustjóri Microsoft Dynamics

Lýkilábyrgð starfsins felst í

- Umsjón með sölu- og markaðsmálum á Microsoft Dynamics viðskiptalausnum (CS, Nav, Ax og CRM) í gegnum Microsoft Dynamics samstarfsaðila
- Gerð og eftirfylgni sölu- og markaðsáætlana
- Stjórnun og eftirfylgni sölutækifæra
- Viðskiptaþróun og stjórnun samstarfsaðila
- Samskipti við Microsoft erlendis og markaðssetning viðskiptalausna
- Meðhöndlun leyfismála og samninga

Microsoft leggur metnað sinn í að byggja upp kröftugan, samstilltan hóp þar sem allir sem einn vinna að settu marki. Umhverfið er alþjóðlegt og krefjandi en jafnframt fjölbreytt og krefst frumkvæðis og sveigjanleika.

Ef þú:

- Hefur mikinn metnað og dug
- Vilt uppskera í samræmi við árangur
- Ert með góða samskiptahæfileika
- Átt gott með að leiða margþætt og margslungin verkefni

Þá býðst þér:

- Spennandi starf með mikla ábyrgð
- Laun í samræmi við hæfileika, getu og reynslu

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun skilyrði
- Reynsla af sölu og samskiptum við stjórnendur fyrirtækja og stofnana æskileg
- Góð kunnátta í íslensku og ensku sem og mjög góð tölvukunnátta
- Hæfni til þess að vinna sjálfstætt auk hæfni í mannlegum samskiptum
- Ábyrgð, framsýni og metnaður í starfi

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnadóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 26. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Matráður

Laust er til umsóknar 80% starf matráðs á Laugarásvegi 39, greining og uppeldisráðgjöf.

Á Laugarásvegi 39 er vistheimili fyrir allt að 7 börn frá nýfæddum til 13 ára. Þar vinna 14 manns á vöktum, auk þess dvelja foreldrar barnanna oftast hjá þeim frá því þau koma úr skóla og þar til þau sofa.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af matreiðslu
- Þekking á rekstri eldhúsa er kostur
- Færni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni, hreinlæti, frumkvæði og áreiðanleiki í starfi

Helstu verkefni:

- Undirbúningur og frágangur hádegisverðar og kvöldmatar barna, foreldra þeirra og starfsmanna
- Samskipti við birgja vegna innkaupa á matvöru

- Innkaup á matvöru
- Sjá um kaffiveitingar vegna funda og fyrir börnin
- Sjá um að halda eldhúsi, búri, frystigeymslum hreinum
- Önnur verkefni sem starfsmanna kunna að vera falin

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar stéttarfélag.

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Óskarsdóttir forstöðumaður í síma 581 1024 netfang: sigrun.oskarsdottir@reykjavik.is

Umsóknum má skila á Laugarásveg 39, greining og uppeldisráðgjöf fyrir **1.nóvember nk.**

Jafnframt er vakin athygli á að hægt er að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



Matreiðslunemar!

Vilt þú læra listina að matreiða með margverðlaunuðum matreiðslumeisturum? Nú er tækifærið! Veitingahús Perlnnar leitar að matreiðslunemum.

Hafið samband við Elmar: 562-0210



NORÐLENSKA

Kjötiðnaðarmenn / Kjötskurðarmenn

Akureyri / Húsavík

Norðlenska ehf. auglýsir laus störf við úrbeiningu í kjötvinnslum fyrirtækisins á Akureyri og Húsavík.

Hæfniskröfur:

Menntun eða reynsla í kjötiðni / kjötskurði
Samviskusemi og vandvirkni
Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknarfrestur er til 2. nóvember 2008. Öllum umsækjendum verður svarað.

Umsóknir skulu berast á rafrænu formi á netfangið jona@nordlenska.is.
Frekari upplýsingar veittar í síma 460 8805 eða netfangi jona@nordlenska.is



Handlaginn rafvirki

Laust er til umsóknar starf rafvirkja. Viðkomandi þarf að geta gengið í önnur tilfallandi störf eins og samsetningar á húsgögnum auk ýmskonar viðhalds í verslun.

Hæfniskröfur:

- Réttindi sem rafvirki skilyrði
- Handlagni
- Góð þekking á notkun verkfæra
- Frumkvæði
- Stundvísi
- Samskiptahæfni

Um er að ræða fullt starf þar sem unnið er virka daga frá klukkan 8:00 – 16:00. Umsóknarfrestur er til og með 27. október 2008.

Umsóknum má skila á þjónustuborð IKEA eða fylla út umsókn á job.ikea.is
Allar nánari upplýsingar veita Bryndis Garðarsdóttir (bryndisg@ikea.is) eða Fjola Kristín Helgadóttir (fjola@ikea.is) í síma 520-2500.

Hjá IKEA starfa rúmlega 300 manns. Starfsmenn eru á öllum aldri, með ólíkan bakgrunn og af ýmsum þjóðernum. Við fögnum slíkri breidd og viljum meina að það sé skemmtilegt að vinna hjá IKEA, þar sem allir standa saman í því að starfrækja eina vinsælustu verslun landsins. Við ráðningu er mikið lagt upp úr þjálfun nýliða, bæði almennri sem og sértekri þjálfun.

Við leitum að reynslubolta

vis.is

VÍS er nútímalegt þjónustufyrirtæki með 43 þjónustuskrifstofur víðsvegar um landið. Markmið VÍS er að vera alltaf í fremstu röð tryggingafélaga á Íslandi og er ánægja starfsfólks og viðskiptavina lykilatriði í velgengni félagsins. Hjá VÍS starfar framúrskarandi hópur einstaklinga sem saman myndar sterka liðsheild. Mikil áhersla er lögð á að skapa starfsfólki gott starfsumhverfi og aðstoðu til að veita viðskiptavinum góða þjónustu. VÍS vill fela starfsfólki störf við hæfi, þannig að hæfileikar þess og frumkvæði fái notið sín við áhugaverð og krefjandi verkefni.

VÍS leitar að skoðunarmanni fyrir eigna-, skipa- og farmtjón

Starf skoðunarmanns er fjölbreytt og krefjandi þar sem reynir á góð samskipti við stóra viðskiptavini félagsins. Í starfinu felst aðallega skoðun og uppgjör á skipa-, báta- og farmtjónum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði véltækni skilyrði
- Mikil alhliða reynsla tengd sjávarútvegi
- Góð almenn tölvukunnátta nauðsynleg
- Færni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Nánari upplýsingar veita Agnar Óskarsson framkvæmdastjóri tjonasviðs (agnar@vis.is, 560-5111) og Þorsteinn Þorsteinsson deildarstjóri (thorstth@vis.is, 560 5213).

Umsóknum skal skilað á heimasíðu VÍS, vis.is, fyrir 26. október næstkomandi.



Þar sem tryggingar snúast um fólk



ÞJÓNUSTUFULLTRÚÍ

Smáralind óskar eftir að ráða þjónustufulltrúa á þjónustuborð.

Starfið felst í aðstoð við viðskiptavini Smáralindar, símsvörun, sölu gjafakorta og öðrum tilfallandi verkefnum.

Hæfniskröfur:

- Framúrskarandi þjónustulund og aðlaðandi framkoma.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Almenn tölvukunnátta.

Umsækjendur þurfa að hafa náð 18 ára aldri.

Umsóknir óskast sendar til skrifstofu Smáralindar, Hagasmára 1, 201 Kópavogi eða á netfangið henning@smaralind.is.

Nánari upplýsingar veitir Guðbjörg í síma 694 3581.



Verkfræðingur í álframleiðsluteymi



Við leitum að verkfræðingi til að stýra framleiðsluferlum í kerskálum Alcoa Fjarðaáls. Keralína álversins við Reyðarfjörð er meðal þeirra öflugustu í heiminum. Álið er framleitt í 336 tölvustýrðum rafgreiningarkerum. Framleiðslugetan er um 350.000 tonn á ári. Alcoa er alþjóðlegt fyrirtæki þar sem verkefni eru krefjandi og miklir möguleikar eru á endurmenntun og þróun í starfi.

Ábyrgðarsvið:

- Stýra framleiðsluferlum kerskála
- Hámarka nýtni keralínu á sem umhverfisvænstan hátt
- Stilla kerstýringar
- Stýra umbótaverkefnum
- Greina hráefni og gæði afurða

Hæfniskröfur:

- Meistarapróf í verkfræði
- Reynsla af stjórnun og framleiðslu
- Hæfni til að miðla og þjálfra
- Lipurð í samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 2. nóvember.

capacent
RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á þessu starfi hafðu þá samband við Tómas Odd Hrafnsson hjá Capacent, í síma 540 1000 eða á netfangið tomas.hrafnsson@capacent.is eða skráðu umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál



VHE
VÉLAVERKSTÆÐI

Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar ehf.

Melabraut 21-27 – Hafnarfirði - www.vhe.is - vhe@vhe.is



Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar óskar eftir að ráða til starfa:

- **Vélvirkja**
- **Rennismiði**
- **Og aðra málmiðnaðarmenn**

Verkefni Vélaverkstæðis Hjalta Einarssonar eru mjög fjölbreytt en fyrirtækið rekur meðal annars:

- Vélaverkstæði
- Renniverkstæði
- Fartækjaverkstæði
- Smurstöð
- Tæknideild

Auk þessa erum við nú að byggja upp starfsemi fyrirtækisins í Fjarðabyggð.

Upplýsingar gefa:

Ingi Rútsson í síma 8961173 / 5759700 ingi@vhe.is og
Einar Hjaltason í síma 5759700 einar@vhe.is

Óskum eftir Oracle sérfræðingum í alþjóðleg verkefni

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingum með háskólamenntun sem hafa áhuga á að starfa um lengri eða skemmri tíma erlendis, einkum á Norðurlöndunum.

Nauðsynlegt er að hafa yfirgripsmikla þekkingu á og haldgóða reynslu í einhverjum þessara kerfishluta Oracle viðskiptalausna, Oracle e-Business Suite.

- Fjárhagskerfi Oracle - General Ledger, Accounts Receivables, Accounts Payables, Assets, Cash Management
- Verkbókhald Oracle - Projects
- Mannauðskerfi Oracle - Human Resources
- Vörustýringakerfi Oracle - Inventory, Order Management, Procurement, iProcurement
- Viðskiptagreind Oracle (BI) og Portal lausnum

Skilyrði er að hafa góða enskukunnáttu og kostur er að hafa góða kunnáttu í einu Norðurlandamáli.

Vinsamlega hafið samband við eða sendið ferilsskrá á:

Jón Sigurðsson, jon@consit.is, GSM 899 4247 eða
Guðmund Árna Jónsson, gudmundur@consit.is, GSM 898 6004.

Consit á Íslandi var stofnað í maí 2006 í félagi við Consit A/S í Danmörku. Við höfum unnið í Oracle verkefnum fyrir mörg af stærstu fyrirtækjum og stofnunum landsins, auk þess sem Consit A/S hefur innleitt viðskiptalausnir Oracle og þjónustað fjölda fyrirtækja og stofnana í Danmörku og Færeyjum, s.s. Berlinske Tidende, Børsen Forum, Copenhagen Business School, Danmarks Radio, Føroya Tele, Gallup A/S, Hempel A/S, Telia Mobil og fjölmörg fleiri.

ORACLE

CONSIT



LAUS SÆTI Í ÚRVALSDEILDINN

Við leitum að fleiri frábærum aðstoðarveitingastjórum til starfa hjá **American Style** í 72% kvöld- og helgarvinnu. Þar er öflug liðsheild og frábær vinnuandi. Ef þú hefur gaman af fólki, ríka þjónustulund og ábyrgðartilfinningu, hikaðu þá ekki við að hafa samband við hann Herwig okkar. Hjá honum færðu allar nánari upplýsingar um skemmtilegt og spennandi starf: hs@foodco.is 568-6836
Umsóknir á: <http://umsokn.foodco.is>

American Style rekur 5 veitingastaði á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík (Skipholt, Bildshöfði, Tryggvagata), Hafnarfjörður og Kópavogur

FOODCO HF BOLHOLT 4 SÍMI 568 6836

AMERICAN STYLE FoodCo

STOFA 33 / 2008B1



Leikskólastjóri

Sandgerðisbær auglýsir laust til umsóknar starf leikskólastjóra við Leikskólann Sólborg í Sandgerði.

Laun eru greidd samkv. samningum Launanevndar sveitarfélaga og Félags leikskólakennara.

Hæfniskröfur: Leikskólakennaramenntun, reynsla í stjórnun og faglegur metnaður.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst eða eigi síðar en 1. des. n.k.

Umsóknarfrestur er til 25.10.2008.

Nánari upplýsingar um starfið veita undirritaðir Jörunn Guðmundsdóttir leikskólastjóri í síma 423-7620 og Sigurður Valur Ásbjarnarson bæjarstjóri í síma 420-7555. Sigurður Valur Ásbjarnarson, bæjarstjóri sigurdur@sandgerdi.is



KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF

Félagsþjónusta Kópavogs:

- Starfsmaður frístundaheimilis fyrir börn og unglinga með sérþarfir
- Aðstoð við heimilisstörf
- Liðveisla, tilsjón og persónuleg ráðgjöf
- Liðveisla, tvö hlutastörf
- Barnavernd, tilsjón

Roðasaliir – samþýli og dagþjálfun

- Starfsmenn í dagþjálfun
- Sjúkraliði í dagþjálfun

Dvalarheimilið Gullsmára 11

- Sjúkraliði – hlutastarf

ÍTK – Íþrótt- og tómstundaráð

- Fönix, félagsmiðstöð, frístundaleiðbeinandi

GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

Kársnesskóli:

- Matráður starfsmanna

Snælandsskóli:

- Gangavörður/ræstir 100% starf

Vatnsendaskóli:

- Starfsmaður í Dægradvöl
- Stuðningsfulltrúi 50%
- Skólaliði 50%

LEIKSKÓLAR KÓPAVOGS:

Kynnið ykkur launakjör í leikskólum í Kópavogi

Arnarsmári: 564 5380

- Leikskólakennari/leiðbeinandi

Álfatún: 564 6266

- Deildarstjóri sem fyrst
- Leikskólakennari
- Sérkennsla sem fyrst

Dalur: 554 5740

- Leikskólakennari 100% starf frá áramótum

Fífusalir: 570 4200

- Leikskólakennarar
- Leikskólakennari - myndlist, tónlist
- Leikskólakennari/leiðbeinandi, skilastaða

Hvarf: 570 4900

- Deildarstjóri
- Leikskólakennarar/leiðbeinendur
- Sérkennslustjóri, sem fyrst

Núpur: 554 7020

- Leikskólakennarar

Rjúpnahæð: 570 4240

- Leikskólakennari á deild/sérkennsla

Urðarhóll – Heilsuleikskóli: 554 7789

- Leikskólakennarar

www.kopavogur.is og job.is



93%
ÞEKING OG
HÆFILEIKAR
NÝTAST VEL*

91%
STARFSÁNÆGJA*

ÞAR SEM ALLTAF ER GAMAN FRÍSTUNDAHEIMILI ÍTR ÓSKA EFTIR FÓLKI TIL STARFA

HELSTU VERKEFNI

- Skipulagning á faglegu frístundastarfi fyrir 6-9 ára börn
- Leiðbeina börnum í leik og starfi
- Samráð og samvinna við börn og starfsfólk
- Samskipti og samstarf við foreldra

KRÖFUR Í STARFI

- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Áhugi á að starfa með börnum
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Færni í samskiptum

Í boði eru hlutastörf með sveigjanlegum vinnutíma eftir hádegi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

Símaver Reykjavíkurborgar gefur samband við þá starfsmenn sem veita upplýsingar um störf in síma 411 11 11.

Hægt er að sækja um rafrænt á www.itr.is

*Vinnustæðingering framkvæmd af Capacent fyrir ITR

ITR



FORELDRA
Síminn 581 1799



Foreldrahús

Foreldrahús



BORGARTÚN 6

Fréttablað Vímulausrar æsku / Foreldrahúss. 2. tbl. 22. árgangur október 2008. Útgefandi: Vímulaus æska - Foreldrahús, Borgartúni 6, 105 Reykjavík. Sími 511 6161. Fax 511 6162. vimulaus@vimulaus.is www.vimulaus.is Ábm.: Elísa Wíum.



FORELDRAR VERUM SAMTAKA! ÚTIVISTARREGLUR

Á skólatíma: 1. september til 1. maí:

12 ára börn og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 20
13 - 16 ára börn mega ekki vera úti eftir kl. 22

Foreldrar og forráðamenn hafa fullan rétt til að stytta þessa tíma. Útivistarreglur eru samkvæmt barnaverndarlögum og mega börn ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13 - 16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþróttá- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.

LENGI MUNA BÖRNIN
FORELDRAR GEGN ÁFENGISAUGLÝSINGUM
BÖRN ALKÓHÓLISTA
BETRI FORELDRAR - nýtt námskeið
MST - fjölþáttameðferð
VIKA 43 - VIMUVARNAVIKA 2008

www.vimulaus.is

Stuðningur við æsku landsins

Vímulus æska – Foreldrahús eru frjáls félagasamtök sem hafa unnið öflugt forvarnar- og hjálparstarf í þágu barna og unglunga síðustu 22 ár. Á vegum samtakanna er boðið upp á fræðslu og námskeið fyrir börn og unglunga sem glíma við erfiðleika á borð við vímuefnaneyslu og hegðunarvandamál. Jafnframt standa samtökin að öflugu starfi fyrir foreldra og aðra aðstandendur.



Inga Evarsdóttir.

Nú kveppir að í þjóðfélaginu og samtökin hafa ekki farið varhluta af því. Ljóst er að fyrirtæki og stofnanir halda að sér höndum við styrkveitingar. Á slíkum tímum er mikilvægt að snúa bókum saman og efla uppbyggilega starfsemi á borð við þá sem Vímulus æska – Foreldrahús stendur fyrir. Fram undan eru fjölmörg verðug verkefni og áriðandi að samtökin geti haldið áfram að starfa af fullum krafti.

Til að samtökin geti sinnt starfi sínu sem best þörfumst við frjálsra fjárframlaga frá fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum.

Við erum afar þakklát öllum þeim sem hafa lagt starfi okkar lið í gegnum tíðina og vonumst til að sem flestir sjái sér fært að styðja samtökin áfram. Þrátt fyrir óvissu í efnahagi landsins hvetjum við alla til að leggjast á eitt til að styrkja samtökin og hlúa þannig að æsku landsins.

Með von um jákvæð viðbrögð.

Inga Evarsdóttir,
framkvæmdastjóri Vímulusrar æsku



MST-aðferðin snýr að öllu nærumhverfi barns, það er að segja foreldrum, fjölskyldu, félagahópi, skóla og tómstundum. Mynd tengist ekki efni greinar.

MYND/ODD STEFAN

Fjölskyldum stendur MST-meðferð til boða

Barnaverndarstofa mun á næstunni bjóða fjölskyldum barna sem glíma við alvarleg hegðunarvandamál upp á MST-meðferð sem miðar að því að takast á við og yfirstíga vandamálin.

Barnaverndarstofa mun á næstu vikum hefja svokallaða fjölþátta-meðferð (Multisystemic Therapy, MST) fyrir fjölskyldur barna á aldrinum tólf til átján ára sem glíma við alvarlegan hegðunarvanda.

MST fer fram á heimili og í nærumhverfi fjölskyldunnar og skilyrði er að barnið búi heima. Þerapisti hittir foreldra (og eftir aðstæðum barn) á heimaslóðum þeirra ekki sjaldnar en tvisvar í viku í þrjá til fimm mánuði. Foreldrar hafa jafnframt aðgengi að þerapista í síma allan sólarhringinn til hvatningar og ráðgjafar. Fjórir þerapistar og einn teymisstjóri mynda meðferðarteymi. Hver þerapisti sinnir átta til tíu fjölskyldum á ári.

MARKHÓPUR

Barnaverndarnefndir sækja um MST og þjónustusvæðið verður fyrst um sinn höfuðborgarsvæðið og nágrenni. Markhópurinn afmarkast við hegðunarvanda barna sem kemur fram á flestum eða öllum eftirtöldum sviðum: (a) Afskiptum lögreglu, afbrotum eða refsiverðri hegðun, (b) skrópum í skóla eða verulegum skólaerfiðleikum, (c) líkamlegu ofbeldi gegn öðrum eða alvarlegum hótunum, og (d) vímuefnanotkun eða misnotkun áfengis.

MST er stundað í þrjátíu ríkjum Bandaríkjanna og tíu öðrum löndum svo sem á Bretlandseyjum, í

Hollandi, Danmörku, Svíþjóð og Noregi. Við innleiðingu MST á Íslandi hefur verið horft sérstaklega til Noregs en þar var MST innleitt á landsvísi árið 1999.

MST er gagnreynd aðferð sem þýðir að sýnt hefur verið fram á árangur hennar með sam- anburðarrannsóknunum. Til að tryggja það að aðferðinni sé beitt rétt er haft eftirlit með framkvæmdinni. Þannig veitir teymisstjórnin þerapistum vikulega faghandleiðslu samkvæmt aðferðafræði MST. Í framhaldi er símafundur um sama efni með MST-sérfræðingi. Reglulega er kannað með aðstoð matslista hjá foreldrum hvort þerapistar halda sig við aðferðir MST. Þerapistar svara sambærilegum matslistum um teymisstjórnann.

Halldór Hauksson.

ALLT UMHVERFIÐ

Meðferðin snýr að öllu nærumhverfi barns: foreldrum, fjölskyldu, félagahópi, skóla og tómstundum. Reynt er að bæta samheldni innan fjölskyldunnar, tengsl og samráð foreldra og skóla og annarra lykilaðila. Meðferðin felst í að draga úr eða yfirvinna vandamál barns miðað við skilgreind meðferðarmarkmið og almennt að efla hæfni og bjargráð foreldra til að takast á við aðsteðjandi vandamál.

Yfirmarkmið eru ákveðin í upphafi í samráði við þá sem taka þátt í meðferðinni. Yfirmarkmið eru brotin niður í undirmarkmið og frá einni viku til annarrar er metið (greint) hvaða leiðir (inn- grip) eru að markmiðum og að

hve miklu leyti þeim er náð. Í lok meðferðar gilda yfirmarkmiðin sem mælikvarði árangurs.

Meðferðarmarkmið taka mið af vanda barns og fjölskyldu en þurfa einnig að endurspeglast í heildarmarkmiðum (landsmarkmiðum) MST hér á landi. Landsmarkmiðin eru: (a) að barn búi heima hjá sér, (b) stundi skóla eða vinnu, (c) komist ekki í kast við lögin, (d) noti ekki vímuefni og (e) beiti ekki ofbeldi eða hótunum. Árangur af MST-prógramminu í heild er metinn út frá þessum landsmarkmiðum sex, tólf og átján mánuðum eftir að hverri meðferð lýkur.

TÍMAMÖRK

MST-meðferðin þykir fullreynd eftir þrjá til fimm mánuði en síðan er gert ráð fyrir að lykilaðilar í umhverfi barnsins vinni áfram með þær áætlanir sem settar voru upp. Aðferðir MST miða að yfirfærslu árangurs og breytinga til lengri tíma. Reynt er að gera foreldra betur í stakk búna að nýta sér óformlegan stuðning í umhverfi sínu og að sækja sér formlegan stuðning ef þörf krefur.

MST-meðferð er hætt ef í ljós kemur að vandi fjölskyldu og barns er þess eðlis að ekki ræðst við hann með MST. Þannig getur komið til þess að vista þurfi barnið (tímundið) á meðferðarstofnun. Það útilokar þó ekki MST-meðferð á síðari stigum án þess þó að MST sé beitt sem eftirmeðferð, því til þess er það of umfangsmikið inngríp.

MST er ekki sett fram sem töfralausn en mun örugglega brúa ákveðið tómarúm sem ríkt hefur milli þjónustuúrræða á heima- velli og vistunar utan heimilis.



Sjálfsmynd foreldra sem koma í foreldrahópina er oft ekki sterk í upphafi.

NORDICPHOTOS/GETTY

Lært af mistökunum

Oft þegar foreldrar koma í foreldrahópina til okkar þá er sjálfsmynd þeirra ekki traust, þessir foreldrar eru yfirbugaðir af þreytu og sorg eftir langan álagstíma þar sem unglungurinn þeirra hefur átt í langvarandi vanda.

Ótti um afdrif unglingsins þeirra hefur hreiðrað um sig og foreldrarnir upplifa mikinn vanmátt ásamt því að ásaka sjálfa sig stöðugt.

Þegar í foreldrahópina er komið átta foreldrar sig á því sem þau vissu fyrir, að við erum öll mannleg og getum því öll verið misupp- lögð, eins getum við öll runnið til og gert mistök. Eitt af fyrstu verkefnum í hópnum er að fara yfir þessar ásakanir til þess að losa um sektarkenndina. Þegar foreldri fer yfir þessar ásakanir með öðrum áttar hann sig oft á því að það eru fleiri en hann sem hafa gert sömu mistökun og eins áttar foreldrið sig

oft á því að þarna var ekki um mistök að ræða.

Mikill sigur er unninn þegar foreldri getur lært af mistökum sínum og lagt sektarkenndina á hilluna því þá er hægt að fara í aðra þætti eins og hvenær og hvornig er best að setja mörk. Sektarkenndin litar allt of oft ákvarðanatöku foreldra.

Foreldrar þurfa að viðurkenna tilfinningar sínar og oft reynist þeim erfitt að vera reiðir út í unglunginn sinn sem þeir elska af öllu hjarta. Tilfinningar koma og fara og þær þurfa sinn tíma, ef við bælum þær þá ná þær ekki að kveðja eins er ef við höldum í þær. Reiði er tilfinning sem á fullan rétt eins og aðrar tilfinningar við þurfum bara að athuga vel og bera ábyrgð á því hvað við gerum í reiði okkar. Foreldrar hafa því nýtt hópana vel til að ræða sínar tilfinningar og finna þeim heilbrigðan farveg.

Úr Foreldrahúsi.

Mikilvægasta
máltíð
dagsins



Árni Guðmundsson bendir á að með grímulausum áfengisauglýsingum sé verið að brjóta lögin margsinnis dag hvern.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Áfengisögin eru sett á grundvelli velferðarsjónarmiða og í tengslum við réttindi barna og unglunga.

NORDICPHOTOS/GETTY

Sniðgöngum auglýstar áfengistegundir

Árni Guðmundsson, fyrrum æskulýðs- og tómstundafulltrúi Hafnarfjarðar, telur að í samræmi við áfengislög ætti að banna auglýsingar með skírskotunum í áfengisnotkun.

„Held áfram á meðan að dómarrinn flautar ekki,“ sagði ungur verðbréfasali eitt sinn spurður um hvort tiltekinn afar vafasamur viðskiptamáti stæðist lög. Ekki man ég hvort dómarrinn „flautaði“ að lokum en veit það eitt að dómarrinn flautar lítið ef nokkuð í sumum málum. Eitt af þeim málum eru einlæg og sífelld brot á banni við áfengisauglýsingum.

Með grímulausum áfengisauglýsingum og eða heimskulegum útúrsmunum á lögum, sem með skýrum hætti banna auglýsingar

af þessum toga, eru lögin brotin margsinnis dag hvern. Áfengisauglýsingar eru boðflenna í tilveru unglunga sem þau eiga fullan rétt á að vera laus við.

Hin siðferðilegi boðskapur laganna sem og innihald er afar skýrt. Lögin eru sett á grundvelli velferðarsjónarmiða og í tengslum við réttindi barna og unglunga til þess að verða laus við áróður af þeim toga sem kemur fram í áfengisauglýsingum.

Auglýsingarnar stríða og vinna markvisst gegn samfélagslegum markmiðum eins og vímulausum grunnskóla. Markmiðum sem foreldrar, forráðamenn og allir sem að uppeldismálum vinna í þessu landi eru einhuga um. Það er eins og enginn sé ábyrgur?

Áfengisinnflytjendur eða fram-

Í samræmi við áfengislög 1998 nr. 75 20 grein segir: Hvers konar auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum eru bannaðar. Enn fremur er bannað að sýna neyslu eða hvers konar aðra meðferð áfengis í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vöru eða þjónustu. Með auglýsingu er átt við hvers konar tilkynningar til almennings vegna markaðssetningar þar sem sýndar eru í máli eða myndum áfengistegundir eða atriði tengd áfengisneyslu, svo sem áfengisvöruheiti eða auðkenni, eftirlíkingar af áfengisvarningi, spjöld eða annar svipaður búnaður, útstillingar, dreifing prentaðs máls og vörusýnishorna og þess háttar. Bannið tekur með sama hætti til auglýsinga sem eingöngu fela í sér firmanafn og/eða firmamerki áfengisframleiðanda. Þó er framleiðanda sem auk áfengis framleiðir aðrar drykkjarvörur heimilt að nota firmanafn eða merki í tengslum við auglýsingu þeirra drykkja, enda megi augljóst vera að um óáfenga drykki sé að ræða í skilningi laganna og ekki vísað til hinnar áfengu framleiðslu.

leiðendur auglýsa hvað af tekur og eyða til þess gríðarlegum fjárhæðum; flestir fjölmiðlar birta þessar auglýsingar átölulaust;

auglýsingastofur framleiða þær. Þrátt fyrir einlægan síbrotavilja þessara aðila þá „flautar dómarrinn ekki“. Ungt fólk virðist ekki

búa við sama rétt og aðrir þegnar þessa lands. Þrengstu viðskiptahagsmunir eru teknir fram fyrir velferð barna og ungmenna.

Við foreldrar, afar og ömmur og allir þeir sem bera hag æskunnar fyrir brjósti þurfum að sýna hug okkar í verki gagnvart þessum ólöglegu áfengisauglýsingum og sniðgöngum með öllu auglýstar áfengistegundir. Á maður að eiga viðskipti við fyrirtæki sem otar áfengi að börnum manns með ólöglegum áfengisauglýsingum? Það er ekki við hæfi.

Foreldrar, forráðamenn og allir þeir aðilar sem hafa velferð æskunnar að leiðarljósi. Sýnum hug okkar í verki. Sniðgöngum auglýstar áfengistegundir!

Vertu með okkur í þessu verkefni og skoðuðu heimasíðu félagsins, www.foreldrasamtokin.is.



Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna skulu börn eiga rétt á að búa við aðstæður sem stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska.

NORDICPHOTOS/GETTY

ÁSKORUN FRÁ VIKU 43:

Velferð barna – stöndum vörð um það sem virkar

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna skulu börn eiga rétt á að búa við aðstæður sem stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska.

Í því felst að allar ákvarðanir eða ráðstafanir yfirvalda er varða börn skulu byggðar á því sem er börnum fyrir bestu.

Neysla áfengis og annarra vímuefna raskar uppveiti og ógnar velferð margra barna. Sum bíða ævarandi tjón. Það er bitur reynsla að sjá barn sitt lenda í fjötrum vímuefnaneyslu og villast á brautir glæpa og ofbeldis.

Rannsóknir staðfesta að opinber stefna í forvörnum hér á landi er vænleg til árangurs, svo sem 20 ára aldursmark til áfengiskaupa, bann við auglýsingum á áfengi og bann við sölu áfengis í almennum verslunum.

Þessum þáttum ber að viðhalda í þágu barna og ungmenna og efla þá sem miða að því að börn og ungmenni fái notið sín.

Oft var þörf en nú er nauðsyn að slá skjaldborg um börn okkar og ungmenni. Þeirra hagsmunir eiga að sitja fyrir öðrum og veigaminni.

VIKA 43 VÍMUVERNVIKA 2008

Í viku 43, dagana 19. til 25. október, stendur yfir hin árlega vímuvernviða.

VIKA 43 er vettvangur félagsamtaka sem vilja leggja forvörnum lið og/eða hafa forvarnir að markmiði starfs síns, til þess að vekja athygli á forvarnastarfi og áfengis- og vímuefnamálum:

Skapa vettvang fyrir samstarf félagsamtaka um að vekja athygli á stefnumörkun í áfengis- og vímuefnamálum, einkum forvörnum.

Varpa ljósi á viðfangsefni forvarna og það starf sem unnið er á vettvangi félagsamtaka.

Vekja athygli landsmanna á mikilvægi forvarna, einkum forvörnum gagnvart börnum og unglungum.

Virka þekkingu, styrk og samstöðu grasrótarsamstarfs til eflingar forvarnastarfs.





Ráðgjöf í Foreldrahúsi

Eftirspurnin eftir viðtölum í Foreldrahúsi hefur verið töluverð og aukist á síðustu tveimur árum. Sjaldgæft er að foreldrar þurfi að bíða lengur en viku eftir fyrsta viðtali. Ráðgjafar í Foreldrahúsi leitast við að geta sinnt öllum eins fljótt og auðið er.



Hefur þú áhyggjur?

Ef þú ert foreldri og hefur áhyggjur eða grunar vanda hjá ungl-ingnum þínum, ekki sitja einn með þessar áhyggjur, ekki gera lítið úr þínum upplifunum eða úr þínu innsæi. Nýttu þér þá hjálp sem er í boði og farðu yfir málin með öðrum. Foreldrasíminn er opinn allan sólarhringinn, 581 1799.

AÐ VIKU 43 STANDA

- Bandalag íslenskra skáta
- Biskupsstofa
- BRAUTIN – bindindisfélag ökumanna
- FÍÆT – félag íslenskra æskulýðs- og tómstundafulltrúa
- FRÆ – fræðsla og forvarnir
- Heimili og skóli – Hvíta bandið
- IOGT á Íslandi
- ÍSÍ
- ÍÚT-forvarnir
- KFUM-K
- Krabbameinsfélag Reykjavíkur
- Kvenfélagasamband Íslands
- Samstarf um forvarnir – SAMFO
- SAMFÉS
- Samtök foreldra gegn áfengisauðglýsingum
- Samtök skólanna um bindindisfræðslu – SSB
- UMFÍ
- VÍMULAUS ÆSKA – Foreldrahúsi
- Vernd – fangahjálpi



Að bregðast við tímanlega

Við álitum best að foreldrar bregðist fljótt við ef þá grunar að barn eða unglingur eigi í vanda.

Fyrsta skref er að hringja og panta viðtal hjá ráðgjafa í Foreldrahúsi. Í fyrsta viðtali er vandin greindur, hver er vandin? Hvernig kemur hann við alla einstaklinga heimilisins? Hvernig er best

að bregðast við og hvert er svo framhaldið?

Það er óþarfi að bíða þar til allir eru undirlagðir af vanlíðan, spennu og álagi. Hringdu í foreldrasímann 581-1799 og talaðu við ráðgjafa í Foreldrahúsi.



Best er að bregðast fljótt við gruni foreldra að barn eða unglingur eigi í vanda.



því ég vil ekki láta vímuefni eyðileggja öll mín framtíðarplön
vegna þess að þú er ekki hægt að spóla til baka ef illa fer
vegna þess að mig langar að hitta fólk án þess að þurfa að hugsa um lyktina út úr mér eða hvort eitthvað sjáist í augunum og svoleiðis.
vegna þess að mig langar að vita hvernig ég virka í þessum heimi
vegna þess að ég er á kafi í tónlist og mér finnst ekki til betri tilfinning en að syngja með öllum líkamagum og finna fyrir hverri frumu, ef þið skiljið hvað ég á við
því ég er nokkuð forvitinn um framtíðina og vil helst ekki missa af henni
vegna þess að mig langar til að lifa heil
því næstu ár gera mig að því sem ég verð, kannski alla æfi
vegna þess að ég er ekki tilbúin til að breytast í eitthvað annað en sjálfa mig
bara vegna þess að þannig get ég alltaf vitað hvað er að gerast og hverjir eru vinir mínir
því ég vil læra á sjálfa mig og geta sent öðrum rétt skilaboð, sérstaklega strákum auðvitað
af því að ég vil geta sagt satt og sjenny þú til þess
vegna þess að þú ert verulega einnastór og við fólk nærri sér þá er þú að mæta mig fyrir það sem ég er
vegna þess að þú ert ég finnst mér ég geta allt, og svoleiðis vil ég vera, - á mínu svæði einhvern veginn
maður þarf að hafa á hreinu hvað maður er að gera til að geta gert það betur næst
af því að þú er nokkuð flókið að vera unglingur þú maður bæti ekki ruglinu við líka
út af því að ég er alltaf að taka myndir og finnst það bara málið
vegna þess að vinur bróður mín dó út af töflum sem hann tók og hann var samt nýbúinn að segja mér að hann væri með allt á hreinu
af því að ég ætla að kynnast mér eins og ég er
því ég er ofupptekin við að skrifa blogg mitt
vegna þess að árin fram að tvitugu er maður í bakaraofninum og eins gott að taka ekki sénsinn á að opna of snemma því þá gæti allt farið í klessu

NÝTT NÁMSKEIÐ:

Að styrkja sig í foreldrahlutverkinu

Foreldrahús/Vímulaus æska býður foreldrum upp á námskeið þar sem Hrafnís Tekla Pétursdóttir sálfræðingur og Elísabet Lorange listmeðferðarfræðingur munu veita stuðning og ráðgjöf við að takast á við uppeldis-hlutverkið. Hér fá foreldrar tækifæri til þess að tjá sig og tengjast í gegnum skapandi og styrkjandi verkefni í traustu umhverfi.

Tilgangur námskeiðsins er að auka meðvitund foreldra um eigin líðan, sjálfsmat og væntingar.

Megináhersla er lögð á samskipti og tilfinningar sem byggist á því að hver og einn skoðar sig og sitt nánasta umhverfi og deilir því síðan með öðrum, því þótt unnið sé út frá foreldrahlutverkinu er nauðsynlegt að skoða heildar-



Elísabet Lorange listmeðferðarfræðingur.

myndina út frá persónulegum viðmiðum.

Foreldrar fá einnig leiðsögn við vandamál-um og árekstrum sem upp geta komið í fjölskyldunni.

Meðan á þessari vinnu stendur munu mikilvægir þættir eins og samkennd, traust og viðurkenning vera í fyrirrúmi.

Með því að fá tækifæri til að skoða sig í foreldrahlutverkinu er verið að sinna þeim parti sem þarf til þess að það sé auðveldara og ánægjulegra að hlúa að þörfum og löngunum barna sinna og fjölskyldunnar í heild sinni.

Námskeiðið er í fimm skipti á fimmtudögum frá klukkan 18 til 19.30.

Fjöldi: tólf til fjórtán einstaklingar.



Hrafnís Tekla Pétursdóttir sálfræðingur.

Öryggislínan höfð opin

Það er mikilvægt að börnin skynji að pabbi og mamma eru til staðar. Þau séu tilbúin að koma þegar eitthvað bjátar á og að það borgi sig að leita til þeirra, þar bíði manns skilningur, ekki pirringur, afneitun, skammir eða fordómar.

Haldið „öryggislínunni“ opinni en gætið þess að „skella ekki á“ í fljótfærni og hugsunarleysi. Ef sambandið rofnar eru bæði barn og foreldri illa sett.

Hluti af öryggistilfinningu barns verður til við það að upplifa og skynja þá vernd sem felst í aðhaldi og reglum.

Ef okkur leyfist að ganga langt þá gerum við það, annars höldum við okkur á mottunni. Því má oftast líta á bæði aga og agaleysi hjá börnunum og unglíngum sem einhvers konar samkomulag milli þeirra og hinna fullorönu.

Mikilvægt er að ruglast ekki á frelsi og hömluleysi. Agi eykur



Gott fjölskyldulíf er undirstaða velferðar.

möguleika okkar í lífinu, gerir okkur kleift að velja og hafna.

Agi hjálpar okkur að ná markmiðum okkar. Hömluleysi er veikleiki sem oft leiðir til ógæfu.

Gott fjölskyldulíf er undirstaða velferðar þinnar og barna þinna og heimilið á að vera eftirsóknarverður staður þar sem þér og þínum líður vel. Sættu þig ekki við neitt minna.

Að setja sjálfum sér og öðrum MÖRK er undirstaða að heilbrigðum samskiptum. Verum því óhrædd við að setja börnum okkar heilbrigð mörk.

Stöðugleiki, festa, öryggi

Börn þurfa stöðugleika, gleði og gott fordæmi foreldra til að takast á við lífið með eðlilegum hætti. Börn alkóhólista fara oft en ekki á mis við þessa þætti.

Á börn alkóhólista er það lagt að þurfa að lifa og þroskast innan fjölskyldu þar sem uppörvandi umhverfis nýtur ekki við. Oft skortir börnin félagsleg tengsl, kjölfestu og hæfni til að takast á við lífið, en það eru nauðsynlegar forsendur eðlilegs þroska. Stöðugleiki, festa, öryggi, hvetjandi uppeldi, gleði og gott fordæmi foreldra – allt eru þetta þættir sem þau sakna úr lífi sínu.

Þetta leiðir til þess að sektar-tilfinning og skömm íþyngir þessum börnum. Þau skortir nægilega færni til að takast á við lífið og gangast inn í hlutverk ábyrgra einstaklinga. Þetta kemur í veg fyrir að þau nýti sér hæfileika sína til fullnustu.

Talið er að um 60 prósent þessara barna verði annað hvort alkóhólistar eða giftist alkóhólistum eða þurfi að stríða við afleiðingar vanmáttarkenndar og stjórnsleysis, svo sem vinnufikn, samlífsvandamál og fleira. Þannig heldur stjórnsleysið áfram og ný kynslóð af börnum alkóhólista verður til.

Talið er að í Bandaríkjunum séu um 28 milljónir barna alkóhólista. Prófessor Robert Acher- man, Ph.D., viðurkenndur sérfræðingur í málefnum barna alkóhólista, segir að a.m.k. eitt af hverjum átta börnum í venjulegri



Virkt forvarnarstarf er nauðsynlegt til að sjá börnum alkóhólista fyrir þeim tengslum, kjölfestu og hæfni sem þarf til að draga úr líkum á að vanmáttur og stjórnsleysi endurtaki sig. Mynd tengist ekki efni greinar.

MYND/ODD STEFÁN

bekkjardeild sé barn alkóhólista eða fíkil. Ef hlutfallið er svipað hér á landi eru um 6.500 börn

alkóhólista á Íslandi.

Virkt forvarnarstarf er nauðsynlegt til að sjá þessum börnum fyrir þeim tengslum, kjölfestu og hæfni sem þarf til að draga úr líkum á að vanmáttur og stjórnsleysi endurtaki sig. Að leyfa börnunum að vera fyrst og fremst BÖRN. Börn þurfa að læra ...

■ jákvætt sjálfsmat


■ hóflegt afskiptaleysi gagnvart fjölskyldumálum sem þau geta engin áhrif haft á

■ virk samskipti og ræktun þeirra hæfileika sem hjálpa þeim að leysa vandamál og komast ósköddu í gegnum lífið og

■ að skemmta sér.



Talið er að 60 prósent barna alkóhólista verði annaðhvort alkóhólistar eða giftist þeim. Mynd tengist ekki efni greinar.



Flott
án fíknar
 www.umfi.is



Spilltasta greni landsins

Þegar ég bauð mig fram til Forseta Íslands árið 1996 dreifði ég bókinni **Virkjum Bessastaði** á öll heimili landsins. Þar var spáð fyrir um algert hrun fjármálamarkaða og hagkerfis.

Í fjölmiðlum benti ég á að Stjórnarráðið væri undir áhrifum huldumanna í íslensku þjóðlífi sem væru að arðræna og mergsjúga þjóðina. Ég bað um umboð þjóðarinnar til að taka á þessu og geta sem þjóðkjörinn forseti stöðvað sukkið áður en þjóðarbúið yrði sviðin jörð. Ég benti sérstaklega á Framsóknarflokkinn og kallaði hann „Spilltasta greni landsins“. Nú heyrst sífellt háværarari orðrómur um að flokksgæðingarnir hafi undanfarin ár setið á hundruðum milljarða byggt á þýfi sem stolið var af okkar þjóð.



Ólafur Ólafsson og Finnur Ingólfsson yfirgefa fundarstað eftir undirskrift samkomulags um kaup S-hópsins á hlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands.

Ég legg til eftirfarandi aðgerðir:

1. Alþingi frysti strax eigur þeirra einstaklinga og fyrirtækja sem hafa stolið góss þjóðarinnar undir höndum og hindri þannig flutning verðmætanna úr landi. Þeir taki persónulega ábyrgð á gjaldþrotum fyrirtækja sinna.
2. Lög verði sett um ógildingu og eignaupptöku ríkisins á þeim verðmætum sem hafa myndast hjá einstaklingum og fyrirtækjum eftir óeðlilegar eignatilfærslur frá þjóðarbúinu til vildarvina fyrri ríkisstjórnar. Meðal óeðlilegrar eignatilfærslu er sala kvótakónga á veiðiréttindum til flutnings verðmætanna úr atvinnugreininni, svo og sala ríkisfyrirtækja, samvinnufyrirtækja og banka til vildarvina ráðherra.
3. Leitað verði til helstu hugsuða samtímans í efnahagsmálum eins og George Soros og Warren Buffet um aðkomu þeirra að endurskipulagningu efnahags þjóðarinnar. Verði mér gefið til þess umboð, t.d. af Alþingi, býðst ég til að hafa milligöngu um að koma á fundum með slíkum mönnum við fulltrúa ríkisvaldsins.
4. Forseti Íslands skipi vandlega valda utanþingsstjórn eða þjóðstjórn, til að leysa úr flækjunni með aðstoð fjármálasérfræðinga. Óeðlilegt er með öllu að þeir sem komu með beinum hætti að einkavinavæðingu fyrri ríkisstjórnar stjórni áfram. Forsætisráðherra og Seðlabankastjóri ættu að sjá sóma sinn í að víkja og taka sér sjálfviljugir frá frá völdum, að minnsta kosti tímabundið, á meðan farið er í gegnum þetta ferli. Þeir voru báðir starfandi ráðherrar og uppfyrir haus í sukki stjórnvaldaflokkanna á þessum tíma.

Nú kristallast hvort íslenska þjóðin er með ónýtan eða dugmikinn forseta. Forseti Íslands hefur, þegar sérstakt neyðarástand ríkir eins og nú, heimildir í lögum að skipa nýja ríkisstjórn. Forsetinn gæti að eigin frumkvæði skipað utanþingsstjórn með fagmönnum sem gætu tekið á málum af festu án vinstri eða hægri villu og blindrar pólitíkur. En þá kemur upp sá ormurinn að sumir telja forsetann á flugi í boði Baugur Group, enda hafa starfsmenn þeirrar grúppu séð um forsetaframboð hans og 365 fjölmiðlarnir verið óspart notaðir til að hylla forsetann og berja niður mótframboð.

Þegar þjóðin er endanlega búin að fá nóg af gegnsýrðri spillingunni er ég tilbúinn í slaginn. Ég býð fram aðstoð mína til Alþingis og ríkisstjórnar, er óhræddur að taka til hendinni, og tel að ég geti lagt ýmislegt af mörkum í stöðunni.

Ástþór Magnússon



Ég færði Forseta Bandaríkjanna Bill Clinton eintak af bókinni **Virkjum Bessastaði**.

Nú býðst ég til að heimsækja helstu hugsuði samtímans í hagfræði og reyna að fá þá til að veita þjóðinni stuðning og aðstoð við uppbyggingu á nýju hagkerfi Íslendinga.

www.forsetakosningar.is

Lóðir til sölu

Skálahlíð í Mosfellsbæ

Möguleiki á 90% fjármögnun á lóðakaupum
Einnig er möguleiki á framkvæmdaláni

Lóð númer	Stærð lóðar	Verð pr. lóð
Skálahlíð 28	752 m ²	19.900.000,-
Skálahlíð 30	847 m ²	21.900.000,-
Skálahlíð 21	861 m ²	22.900.000,-
Skálahlíð 32	1189 m ²	25.900.000,-
Skálahlíð 33	795 m ²	22.900.000,-
Skálahlíð 34	1044 m ²	26.900.000,-

Sölumaður verður á staðnum í dag kl 15:00-16:00
Lóðirnar eru tilbúnar til afhendingar strax.
Allar nánari upplýsingar veitir **Einar Karl**
í síma 895 8525 eða á kalli@remax.is



Kristján Ólafsson
Löggitur fasteigna-,
fyrirtækja og skipasali



Einar Karl
Sölufulltrúi
895 8525
kalli@remax.is

FRAMÚRSKARANDI SÖLUFULLTRÚAR **RE/MAX** Senter FRAMÚRSKARANDI ÁRANGUR www.remax.is/senter

101 REYKJAVÍK

FASTEIGNASALA

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

TIL LEIGU

SKRÍÐUSTEKKUR – 109 REYKJAVÍK



Mjög falleg 5 herbergja 155,5fm efri hæð í fallegu einbýlishúsi vel staðsettu í rólegu hverfi. Eignin skiptist í : Forstofu, gang, 4 herbergi, baðherbergi eldhús, stofu, borðstofu, og þvottahús. Útgengt út á verönd með heitum potti frá stofu. Upptekin loft eru íbúðinni.Íbúðin er laus til afhendingar fljótlega. Allar frekari upplýsingar veittar á skrifstofu.

Stakfell | Grunnur að góðu lífi

Þorlákur Ó. Einarsson, lögg. fasteignasali
Þórhildur M. Sandholt, lögg. fasteignasali

Naustabryggja

Útsýnisíbúð á eftirsóttasta staðnum í Bryggjuhverfinu.



Falleg 86,2 m², þrjú herbergja íbúð á besta stað í Bryggjuhverfinu með fallegu sjávarútsýni. Íbúðin er öll mjög smekklega innréttað. Komið er inn á parketlagt hol. Stofan er parketlögð, með stórum gluggafronti sem snýr til sjávar. Úr stofu er litlar svalir. Eldhús og stofa eru samliggjandi með parketi á gólfum. Eldhús er með hvíttari eikar innréttingu og stáltækjum. Þvottahús er inn af eldhúsi. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf með fallegri innréttingu og sturtuklefa. Barnaherbergi er parketlagt og með fataskápum. Hjónaherbergi er parketlagt og með glæsilegu veggfóðri að hluta á veggjum og fataskápum. Útgangur er úr hjónaherbergi út á 17 m² stórar svalir. Sérgeymsla er í sameign ásamt sérstæði í bílskýli. Verð 31.9 millj.

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

Pinghólsbraut 11

200 Kópavogur
Eign í séríðlokki!

Stærð: 211,5 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1958
Brunabótamat: 36.300.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Torg



Opið Hús

Stórglæsilegt og einstakt 6 herbergja tveggja hæða einbýlishús með bílskúr á skjólsælum stað í Vesturbæ Kópavogs. Húsið stendur á 900fm lóð með fallegum grónum garði og hellulagðri innkeyrslu. Eignin er öll hin glæsilegasta, nýtt hús byggt á gómlum grunni. Allar lagir í húsinu hafa verið endurnýjaðar þ.e. rafagnir (instabús), neyslulagnir, ofnalagnir nýjar, hiti í gólfum á allri neðri hæð, einnig á baðherbergi á efri hæð, allar frárenslislagir nýjar ásamt drenögnun. Þak hússins hefur verið endurnýjað frá grunni, ný timburklæðning, einangrun, pappi, járn og rennur. Bygður var stór kvistur á norðurhlöð hússins. Gólfefni er gegnheilt sérvalló hnotuparket frá GeoPlank og vandaðar 30x60 flisar frá Parka. Allar innréttingar í húsinu eru frá JKE-design, í eldhúsi og á baðherbergjum eru sérpantaðar glermósaik flisar frá Álfaborg. Instabús hústjómunarkerfi stórnar gólhita og ljósum. Allt rafagnæfni er frá Gira, S.Guðjónsson. Innanhúss arkitekt er Kristín Guðmundsdóttir hjá Innark. Allar teikningar, bæði grunnteikningar, rafmagnsteikningar og skráningartalla eru nýjar. Þetta er eign í séríðlokki í Vesturbæ Kópavogs!

Verð: 78.900.000



Hafdis Sölufulltrúi
895-6107
hafdis@remax.is



Berglind Hólm Sölufulltrúi
694-4000
berglind@remax.is



Bergsteinn Gunnarsson
Lögg. fasteignasali

RE/MAX Torg - Garðatorgi 5 - 210 Garðabær - Sími: 5209595 - www.remax.is

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...
...góðar fréttir fyrir umhverfið

DALSEL 13 ÍB 101

109 Reykjavík
GÓÐ ÍBÚÐ MEÐ ÚTLEIGUHERB.

Stærð: 149,5 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1976
Brunabótamat: 22.810.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Bær



Opið Hús

Rúmgóð íbúð á jarðhæð í góðu fjölbýli á góðum stað í Dalseli. Bilastæði í bílakjallara. Um er að ræða góða og snyrtilega fjögurra herbergja íbúð. Innrétting í eldhúsi endurnýjuð að hluta. Í kjallara er herbergi sem er í útleigu með aðgengi að snyrtilegu sameiginlegu baðherbergi með sturtu. Íbúðin, ásamt sérherbergi í kjallara og geymslu er skráð hjá FMR 120,1 fm. (Íbúð 101) Auk þess er stæði í bílakjallara 29,4 fm. Skemmtilegt sameiginlegt svæði er framan við hús með leiktækjum fyrir börnin.

OPIÐ HÚS SUNNUDAG KL:16:00 - 16:30 Verð: 27.900.000



Shorri Sölufulltrúi
8648090
ss@remax.is



Magnús Ninni Sölufulltrúi
694-9999
maggi@remax.is



Þórunn Eidsd.
Lögg. fasteignasali
tse@remax.is

RE/MAX Bær - Malarhöfði 2 - 110 Reykjavík - Sími: 5123400 - www.remax.is

Asparlundur 11

210 Garðabær
Fallegt Endaraðhús á flottum stað

Stærð: 167 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1973
Brunabótamat: 29.550.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Torg



Opið Hús

FRÁBÆRT VERÐ Mjög skemmtilegt og mikið endurnýjað endaraðhús með útsýni til Heiðmerkur og suður með sjó. Forstofa, gangur og eldhús með flisum á gólf og góðu skápaplássi. Stofa/Borðstofa sérlega rúmgóð og björt með stórum gluggum, arin og gullfallegu gegnhellu eikar-plankaparketi. Hjónaherbergi er bjart með loftáum skápum. Stórt flísalagt þvottahús/geymsla með skápum. Rúmgóður bílskúr einnig með geymslu, upphitað plan og næg aukastæði. Garðurinn er einstaklega snyrtilegur og skjólgóður.

OPIÐ HÚS í dag Sunnudag kl.15:00-15:30 Verð: 44.900.000



Valur Blomsterberg Sölufulltrúi
857-9550
valurblom@remax.is



Bergsteinn Gunnarsson
Lögg. fasteignasali

RE/MAX Torg - Garðatorgi 5 - 210 Garðabær - Sími: 5209595 - www.remax.is

STÍFLUSEL 14 ÍB 301

109 Reykjavík
LAUS STRAX ! GOTT ÍLS LÁN !

Stærð: 113,4 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1977
Brunabótamat: 19.750.000
Bílskúr: Nei

RE/MAX Bær



Opið Hús

Mjög góð, vel skipulögð og mikið endurnýjuð 4ra herbergja 101,1 fm íbúð á 3. hæð auk 12,3 fm geymslu í kjallara samtals 113,4 fm. Tvö góð barnaherbergi bæði með parketi á gólf, skápar í báðum. Hjónaherbergið er stórt með parketi á gólf og góðum skápum. Baðherbergið er með upphengdu salemi, grátt mosaik í kringum baðkar, dökkar flisar á gólf, góð nýleg innrétting. Sjón er sögu ríkari, velkomin í opið hús.

OPIÐ HÚS SUNNUDAG KL:15:00 - 15:30 Verð: 24.800.000



Shorri Sölufulltrúi
8648090
ss@remax.is



Magnús Ninni Sölufulltrúi
694-9999
maggi@remax.is



Þórunn Eidsd.
Lögg. fasteignasali
tse@remax.is

RE/MAX Bær - Malarhöfði 2 - 110 Reykjavík - Sími: 5123400 - www.remax.is

MÁLVERKAUPPBOÐ

Erum að taka við verkum á næsta uppboð. Höfum kaupendur að góðum abstraktverkum eftir Þorvald Skúlason, Karl Kvaran, Nínu Tryggvadóttur og Kristján Davíðsson einnig módelmyndum eftir Gunnlaug Blöndal.

Vinsamlegast hafið samband við Pétur Þór í síma 511 7010 eða 847 1600

ÖRUGG ÞJÓNUSTA - LÆGRI SÖLULAUN
Gerum upp strax eftir uppboð

Opið í dag í SKIPHOLTI 35 frá kl. 13 til 16

Gallerí
BORG

Skipholti 35

105 Reykjavík-sími 511 7010
petur@galleriborg.is



Hátíð í bæ

NOKKUR ORÐ
Þórunn
Elisabet
Bogadóttir

Mikið ofboðslega hefur verið gaman að vera til síðustu daga. Og það stafar ekki bara af því hversu ómurlaga leiðinlegt var að vera til dagana á undan þeim. Þó að vissulega hafi þeir dagar verið dimmir og leiðinlegir. Síðustu daga hefur nefnilega sannarlega verið hátíð í bæ. Airwaves-hátíð í bæ, nánar tiltekið.

Það var merkilegt að fylgjast með því hvernig miðbærinn lifnaði allur við, og allt í einu var fólk á ferli frá morgni til kvölds. Og það meira að segja á virkum dögum, sem sést yfirleitt ekki nema bara rétt yfir hásumarið. Það var þéttsetið á veitingastöðum og kaffihúsum á daginn og á kvöldin var Kvosin full af fólki sem rólta á milli staða til þess að hlusta á frábæra tónlist og hitta skemmtilegt fólk. Það gáfust tækifæri til þess að sjá erlendar hljómveitir sem hafa verið í upphaldi en aldrei verið hægt að sjá áður, uppgötva nýja tónlistarmenn og sjá íslensku

hljómveitirnar sem standa alltaf fyrir sínu. Eitt af því sem getur helst lyft andanum í svona ástandi er góð tónlist. Þess vegna var þessi hátíð á frábærum tíma þetta árið, þó að skipuleggjendur hátíðarinnar séu kannski ekki alveg sammála. Það væri rosalega „Allt í einu var fólk á ferli frá morgni til kvölds. Og það meira að segja á virkum dögum.“

gaman ef það væru fleiri svona hátíðir í þessum bæ okkar. Í síðasta mánuði var önnur skemmtileg hátíð, kvikmyndahátíð, sem setti líka sinn svip á miðbæinn. Þá var hægt að eyða heilu kvöldunum í bíó í meira en viku. Ég á hreinlega eftir að sakna þess í næsta mánuði að hafa enga svona hátíð til að hlakka til og lyfta mér upp með. Til að halda miðbænum fjörugum og andanum hátt þyrftu einnig að vera svona hátíðir í hverjum mánuði.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



Þjóðleikhúsið

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Skilaboðaskjóðan

Þorvaldur Þorsteinsson og Jóhann G. Jóhannsson
Geysivinsælt ævintýri fyrir alla fjölskylduna!
sun. 19/10 örfá sæti laus

Klókur ertu, Einar Áskell

Bernd Ogrodnik

Heillandi og krúttleg brúðsýning fyrir yngstu börnin
sun. 19/10 tvær sýningar örfá sæti laus
Sýningum fer fækkandi

Utan gátta

Sigurður Pálsson

Snarskemmtileg sýning í Kassanum
Frumnýning 24. október

Hart í bak

Jökull Jakobsson

Ástsælt verk sem hittir okkur öll í hjartastað
Örfá sæti laus í október

Macbeth

William Shakespeare

Blóð vill blóð...
Ekki missa af ögrandi sýningu

Sá ljóti

Marius von Mayenburg

Nú á leikferð um landið,
sýningar í Reykjavík
í nóvember



www.leikhusid.is

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki





Sökktu þér í nýtt sunn

Fleiri áhugaverð viðtöl – Litríkari og ferskari framsetning – Markvissar fréttaskýringar

Nýtt og ferskara helgarblað

Sunnudagsblað Morgunblaðsins er best lesna dagblað landsins.

Nú gerum við enn betur og kynnum nýjan og enn litríkari Sunnudagsmogga, sem byggir á traustum grunni.






Við ætlum að gera sunnudaginn þinn ennþá ánægjulegri með efnisríku, fjölbreyttu og skemmtilegu blaði.

Við fylgjumst með áhugaverðu fólki og kryfjum fréttir vikunnar til mergjar.



Sunnudagsblað Moggans

og vikuspegill



Morgunblaðið
SUNNUDAGUR

Fáðu þér áskrift



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.50
Fringe – seinni hluti

Óhætt er að fullyrða að engar nýrrar þáttaraðar í vetur hefur verið beðið með jafn mikilli eftirvæntingu. Hér er á ferðinni nýjasta hugarfóstur J.J. Abrams, mannsins á bak við þáttaraðirnar geysivinsælu *Lost* og *Alias* og bíómyndir á borð við *Mission Impossible 3*. Söguhetjan er ungur sérfræðingur FBI, Olivia Dunham, sem fær erfiðasta verkefni sem yfirvöld standa frammi fyrir, stórfellt vísindasamsæri sem gæti orðið mannkyninu að bana, ef ekki kemst upp um sökudólgana í tæka tíð. En málið er hið flóknasta því samsærið virðist teygja anga sína til allra efnuðustu og valdamestu manna heims.



► VIÐ MÆLUM MED
Blóraböggull
(The Hudsucker Proxy)
Sjónvarpið kl. 21.10

Norville Barnes er nýútskrifaður úr viðskiptaháskóla en þar sem hann hefur enga starfsreynslu fer hann að vinna við að flokka póst í stórfyrirtækinu Hudsucker Industries. Eftir að forstjóri fyrirtækisins stytir sér aldur ákveða stjórnarmenn að ráða fávita í hans stað svo að hlutabréfin falli í verði og þeir geti hirt fyrirtækið fyrir lítið fé. Að þeirra mati er Norville rétti maðurinn.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags	16.00 Síðdegisfréttir
06.40 Veðurfregni	16.08 Veðurfregni
07.05 Morgunandakt	16.10 Úr tónlistarlífinu
08.00 Morgunfréttir	17.30 Úr gullkistunni
08.05 Ársól	18.00 Kvöldfréttir
09.03 Lárétt eða lóðrétt	18.26 Seiður og hélog
10.05 Veðurfregni	18.50 Dánarfregni og auglýsingar
10.15 Mitt nafn er Steinn Steinarr, skáld. Ég kvaðst á við fjandann	19.00 Óskastundin
11.00 Guðspjónusta í Grafarvogskirkju	19.40 Öll þau klukkaköll
12.02 Hádegisútvarp	20.30 Bláar nótur í bland
12.20 Hádegisfréttir	21.10 Orð skulu standa
12.45 Veðurfregni	22.07 Veðurfregni
13.00 Ísland og Evrópusambandið	22.12 Orð kvöldins
14.00 Útvarpsleikhúsið: Dauði trúðsins	22.15 Til allra átta
15.00 Hvað er að heyra?	23.00 Andrarímur
	00.07 Nærtúónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

15.30 **Hollyoaks** (36:260) Bresk unglingsápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

15.55 **Hollyoaks** (37:260)

16.20 **Hollyoaks** (38:260)

16.45 **Hollyoaks** (39:260)

17.10 **Hollyoaks** (40:260)

18.00 **Seinfeld** (13:22)

18.30 **Seinfeld** (14:22)

19.00 **Seinfeld** (1:24)

19.30 **Seinfeld** (2:24)

20.00 **The Dresden Files** (10:13)

20.45 **Twenty Four 3** (21:24)

► 21.30 **Happy Hour** (10:13) Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann, hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfseks- um og raunveruleikafirtum glaumgosa sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lifa lífinu.

22.00 **My Boys** (5:22) Frábærir gamanþættir um unga konu sem er greinahöfundur hjá þekktu íþróttablaði og þarf að kljást við einkamálin ásamt því að sanna sig í karlaheimi.

22.25 **Næturvaktin** (5:13)

22.50 **Næturvaktin** (6:13)

23.15 **Seinfeld** (13:22)

23.40 **Seinfeld** (14:22)

00.05 **Seinfeld** (1:24)

00.30 **Seinfeld** (2:24)

00.55 **Magick** (2:4)

01.20 **Kenny vs. Spenny** (6:13)

01.45 **Sjáðu**

02.10 **Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

INN

18.00 **Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson

19.00 **Neytendavaktin** Ragnhildur Guðjónsdóttir.

19.30 **Íslands safarí** Akeem Richard Oppong.

20.00 **Mér finnst** Kolfína Baldursdóttir.

21.00 **Vitleysan** Þórhallur Þórhallsson og Eyvindur Karlsson.

22.00 **Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson.

23.00 **Í nærveru sálar** Kolbrún Baldursdóttir.

23.30 **Grasróttin** Daniel Haukur Amarson.

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Boxen 10.25 OBS 10.30 SPAM 10.55 Skum TV 11.10 Angora by night 11.35 Family Guy 12.00 Gudstjeneste i DR Kirken 12.45 Sommer 13.45 Håndboldsøndag 15.30 Bamses Billedbog 16.00 De store katte 16.30 TV Avisen med Sport 17.10 Hvor kragerne vender 18.00 Sommer 19.00 21 Søndag 19.40 SportNyt med SAS liga 19.55 Exodus

NRK1

10.00 Norge rundt 10.25 Ut i naturen 10.50 20 spørsmål 11.15 Kvitt eller dobbelt 12.15 Himmelblå 13.00 TV-aksjonen Blå Kors 15.30 Åpen himmel 16.00 Hvor er Alf? 16.15 Snill 16.30 TV-aksjonen Blå Kors 17.00 Søndagsrevyen 17.45 Sportsrevyen 17.55 TV-aksjonen Blå Kors 18.55 Himmelblå 19.40 TV-aksjonen Blå Kors 21.15 Kveldsnytt 21.35 TV-aksjonen Blå Kors 22.05 Seks grader som forandrer verden 23.00 Uka med Jon Stewart 23.25 Norsk på norsk jukeboks

SVT 1

10.25 Debatt 11.10 Daddy's Love 12.00 Toppform 12.30 Videokväll hos Luuk 13.00 Dansbandskampen 14.30 Ur svenska hjärtans djup 15.00 Ridsport. Världscuphoppning 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 Saltön 17.15 Hemliga svenska rum 17.30 Rapport 17.55 Regionala nyheter 18.00 Andra Avenyn 18.30 Sportspeglén 19.15 Ashes to ashes 20.10 Barnet och orden - om språk i förskolan 20.40 Lev ännu längre 21.10 Byss 21.25 Brottskod. Försvunnen 22.10 Carin 21.30

HAFÐU STILLT Á BYLGJUNA ALLA SUNNUDAGA

**SUNNUDAGS-
MORGUNN
MEÐ HEMMA
VIÐ FYRSTA HANAGAL KL. 8**

Notaleg stund með Hemma á ljúfum og vinalægum nótum í morgunsárið. Enginn hamangangur og læti, notaleg tónlist, fróðleikur og góðir gestir.

**SPRENGISANDUR
SUNNUDAGA KL. 10.30**

Þjóðmálapáttur á Bylgjunni í umsjón Sigurjóns M. Egilssonar. Tekin eru fyrir öll helstu áttakamál þjóðfélagsins og ekkert gefið eftir.

**EYÐIEYJAN
SUNNUDAGA KL. 17**

Skemmtilegur og spennandi viðtalsþáttur með Heimi Karlssyni. Þjóðþekktir Íslendingar eru sendir á eyðieyjuna og mega aðeins taka með sér átta dægurlög, tvær bækur, tvær kvikmyndir og einn hlut. Hvað verður fyrir valinu og hvers vegna?



BYLGJAN
989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

EIGNAMIDLUN

sala fasteigna í 50 ár

Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · S. 588 9090 · fax 588 9095
www.eignamidun.is · eignamidun@eignamidun.is
Sverrir Kristinnsson, löggiltur fasteignasali

HÁAGERÐI 59




Góð og vel skipulögð 4ra herbergja íbúð á 1. hæð. Íbúðin skiptist í hol, tvö svefnherbergi, baðherbergi, eldhús og tvær stofur. Í kjallara er sér geymsla og sameiginlegt þvottahús. Góð eign á góðum stað. Íbúðin er laus strax.

OPIÐ HÚS Í DAG SUNNUDAG MILLI KL. 14:00 OG 15:00

Allar nánari uppl. veitir **Gunnar Einarsson** í 824-9097

Hraunteigur – íbúð til leigu



Glæsileg nýinnréttu stúdíóíbúð með séringangang í nýju húsi á besta stað í Laugardalnum. Íbúðin er með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Íbúðinni fylgir helluborð, ísskápur og mögulega einhver húsgögn. **Íbúðin er laus til afhendingar strax. Nánari upplýsingar í síma 896-8767.**

Langitangi 4, 270 mos



Mjög fallegt 171 fm. einbýlishús á einni hæð með sambygðum bílskúr og stórn og gróinni lóð. Flott eldhús, hvítt háglans, með steingráum flisum og granítborðplötu. Vönduð tæki, stálitaður blástursofn í borðhæð, keramik hel-luborð, uppþvottavél og ísskápur/frystiskápur. Baðherbergi nýlega endurnýjað með stórum glersturtuklefa, fjögur svefnherb, stór stofa og borðstofa með arni og timburverönd og skjólgóður garður.

Skípti möguleg á minni eign! Laust til afhendingar strax! Óskað er eftir tilboði í eignina.

OPIÐ HÚS Í DAG SUNNUDAGINN 19. OKT. FRÁ KL 15:00 TIL 16:00

EIGNAMIDLUN
Mosfellsbæ

Kjarna · Pverholti 2 · 270 Mosfellsbær · S. 586 8080 · fax 586 808
www.fastmos.is, www.eignamidun.is · Einar Páll Kjærnested, löggiltur fasteignasali

Ármúli 1 – Til leigu

Til afhendingar um áramót



STÓRBORG
fasteignasala

Stefán Hrafn Stefánsson hdl. Löggiltur fasteignasali

Kirkjustétt 4 - 113 Reykjavík - Sími 534 8300



Til leigu þetta frábærlega vel staðsetta verslunar- skrifstofu og þjónustuhúsnæði. Frábær staðsetning í nálægð við helstu umferðaræðar í borginni. Samtals stærð 2.200 fm.

- Jarðhæð (með innkeyrsluhurðum) ca. 1150 fm (skiptist í tvö hluta).
- Götu-hæð (verslunar-skrifstofu) ca. 250 fm.
- 2. Hæð er ca 400 fm skrifstofuhæð.
- 3 og 4 hæð er ca 200 fm skrifstofuhæð hvor hæð fyrir sig.

Vertu velkomin á opin hús

RE/MAX
Skeifan

Klapparhlíð 30 - 270 Mosfellsb.



OPIÐ HÚS

Opið hús í dag frá 14:00-14:30
Mjög stílhrein íbúð á 2 hæð með séringangang. Baðherbergi með sturtu og þvottahús innan baðherbergi. Eldhús og stofa er opið rými, útgengt á svalir með fallegu útsýni.

Verð: 19.900.000 Byggj.ár: 2002
Herbergi: 2
Stærð: 66,9 fm

Breiðavík 11 - 112 Reykjavík



OPIÐ HÚS

Opið hús í dag frá 15:00-15:30
4ra herbergja íbúð á efstu hæð í vel staðsettu húsi. 3 svefnherbergi, baðherbergi með baðkari og sturtu. Fallegt útsýni frá flestum rýmum. Húsið var málað að utan s.l.sumar.

Verð: 30.900.000 Byggj.ár: 1995
Herbergi: 4
Stærð: 125,4 fm

Skípholt 48 - 105 Reykjavík



OPIÐ HÚS

Opið hús í dag frá 16:00-16:30
Virðilega vel skipuð eign með 3 herbergjum og 2 stofum. Stór og gróinn garður, flottur fyrir krakkana til að ærslast í. Rúmgóður bílskúr fylgir eigninni. Húsið er nýmálað að utan.

Verð: 34.700.000 Byggj.ár: 1959
Herbergi: 5
Stærð: 138,0 fm

Skarphéðinsgata 20 - 105 Rvk.



OPIÐ HÚS

Opið hús í dag frá 17:00-17:30
Endurnýjuð 2-3ja herbergja íbúð á 2.hæð í þrjúbýli. Íbúðin var upphaflega 3ja herbergja en búð er að stækka stofu og taka 1 herbergi. Ný dregið rafmagn í íbúðinni.

Verð: 21.900.000 Byggj.ár: 1942
Herbergi: 2
Stærð: 66,9 fm

Engjaveilir 5A - 220 Hafnarfj.



OPIÐ HÚS

Opið hús í dag frá 14:00-14:30
Falleg 3-4ra herbergja íbúð á 3ju hæð með séringangang. Stofa og eldhús er opið rými, baðherbergi með baðkari og þvottahús innan íbúðar. Mjög falleg og stílhrein eign.

Verð: 21.500.000 Byggj.ár: 2005
Herbergi: 4
Stærð: 87,0 fm

Hjaltabakki 32 - 109 Reykjavík



OPIÐ HÚS

Opið hús í dag frá 15:00-15:30
4ra herbergja íbúð á efstu hæð, 3 svefnherbergi, stofa, borðstofa og eldhús er opið rými, útgengt á flisalagðar svalir. Baðherbergi með baðkari og tengi fyrir þvottavél.

Verð: 18.500.000 Byggj.ár: 1968
Herbergi: 4
Stærð: 105,2 fm

Öldutún 16 - 220 Hafnarfj.



OPIÐ HÚS

Opið hús í dag frá 16:00-16:30
Stórglæsileg og alveg endurnýjuð efri sérhæð með séringangang og bílskúr á barnvænum stað 4 svefnherbergi, sjónvarpshol, rúmgóð stofa og stórt eldhús.

Verð: 39.600.000 Byggj.ár: 1965
Herbergi: 5
Stærð: 173,2 fm

Engjasel 84 - 109 Reykjavík



OPIÐ HÚS

Opið hús í dag frá 17:00-17:30
Vel staðsett íbúð á 2.hæð með stæði í lokuðu bílahúsi. Forstofa með náttúruflisum, þvottahús innan forstofu. Stofan er rúmgóð og útgengt á svalir. Eldhús endurnýjað.

Verð: 25.500.000 Byggj.ár: 1977
Herbergi: 4
Stærð: 110,3 fm

Ásdís Ósk Valsdóttir
Löggiltur fasteigna-,
fyrirtækja- og skipasali
863 0402
asdis@remax.is



BAKPANKAR
Þorbjargar
Sigríðar
Gunnlaugsdóttur

Ertu skræfa?

Dóttir mín, sem segist vera þriggja og hálfis árs en alls ekki þriggja, spurði mig að því um daginn hvort Ísland væri farið á hausinn. Eldri systir hennar, sem er sex ára skólastelpa, veit líka hvað það þýðir að fara á hausinn eftir að það urðu örlög vinsællar leikfangaverslunar. Undrun systranna var mikil á endalokum verslunarinnar, þangað til þær áttuðu sig á kjarna málsins. Það voru ekki nógu margir á Íslandi til að kaupa öll fallegu leikföngin. Og fyrst þetta gat gerst áttu systurnar í engum vandræðum með að skilja að þannig gæti líka farið fyrir börnunum.

ÞAÐ er rétt sem fram hefur komið hjá forsætisráðherra að það er ástæða til að gæta að því hvað börnin heyra, sjá og skynja. Að sama skapi eigum við að taka börnin okkur til fyrirmyndar í því að geta gleymt stund og stað og notið hversdagsins. Sama kvöld og systurnar höfðu velt því fyrir sér hvort Ísland væri á hausnum, lágum við mæðgur saman í rúmi og lásnum um veröld Einar Áskels stórvinar okkar. Í bókinni Svei-attan, Einar Áskell smíðar þessi góði drengur þyrlu inni í stofu, á meðan pabbi les blaðið, og flýgur þaðan inn í frumskóg þar sem tunglið skín glatt. Mjási kötturinn hans verður eðlilega að ljóni.

ÞAÐ er að sama skapi margt úr barnaævintýrunum sem hægt er að heimfæra upp á veruleika hinna fullorðnu. Í bókinni Ertu skræfa, Einar Áskell? er niðurstaðan sú að þeir séu grútmáttlausir sem fljúgast á og meiða aðra. Þessa bók ætti Gordon Brown að lesa, skræfan sem ræðst á minni máttar til að draga athyglina frá eigin getuleysi.

SÖGUSTUND á kvöldin fangar athygli systranna óskipta. Ég ætla að gera eins og systurnar og kveðja daginn með því að lesa góðar bækur á kvöldin. Efna-hagsástandið gegnsýrir allt en það er engin ástæða til að kveðja góðu stundirnar. Það er gott, ef ekki nauðsynlegt, að sækja sér ævintýri núna þegar álagið og áhyggjurnar herja á okkur öll. Við eigum að taka okkur litlu börnin til fyrirmyndar sem leggjast nýböðuð upp í rúm á kvöldin og hverfa svo á örskotsstund inn í ævintýraveröld. Hugurinn er í frumskóginum í fylgd með vinsamlegu ljóni.

GÓÐAN DAG!
Í dag er sunnudagurinn
19. október, 292. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	8.31	13.13	17.53
Akureyri	8.22	13.57	17.31

Heimild: Almanak Háskólans



Eina viðskiptavitið!

- Fyrir þá sem eru á leiðinni út

Hagstæðir fyrirtækjasamningar í boði. Tilvalið fyrir sveitarfélög, opinberar stofnanir og fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum.

- Betra verð
- Aðra leið
- Tíðar flugferðir
- Hægt að fljúga til eins áfangastaðar og heim frá öðrum
- Auðvelt að breyta bókunum
- Finnum hótél við hæfi
- Í boði að velja sæti
- Engin sunnudagaregla
- Engin hámarksdvöl
- Aðstoðum við bókanir á framhaldsflugi erlendra flugfélaga
- Vefinnritun fyrir þá sem ferðast aðeins með handfarangur til Kaupmannahafnar og London

Hafðu samband í síma 5 500 600 eða sendu okkur línu á vidskiptaferdir@icelandexpress.is

Iceland Express með ánægju